



Starfsáætlun Skýjaborgar 2023-2024

Ágúst 2023

Eyrún Jóna Reynisdóttir

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	3
2. SKÓLINN.....	3
2.1 FORFÖLL OG OPNUNARTÍMI	4
2.2 SKÓLAHÚSNÆÐI, ÁKVÖRÐUN UM BARNAFIÖLDA	4
2.3 BARNAHÓPURINN	4
3. STARFSFÓLK	4
4. SKÓLADAGATAL SKÝJABORGAR 2023-2024.....	5
4.1 LEYFISDAGAR.....	6
4.2 SKIPULAGSDAGAR	6
5. ÁHERSLUR Í LEIKSKÓLASTARFINU	6
6. DAGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÝJABORG 2023-2024	7
7. MAT Á SKÓLASTARFI 2022-2023	9
7.1 BARNIÐ Í BRENNIDEPLI	10
7.1.1 Árangursvísir 5.1 Starfsandi.....	12
7.1.2 Árangursvísir 5.2 Jafnrétti og réttisýni	12
7.1.3 Árangursvísir 5.3 Samvinna við foreldra.....	12
7.1.4 Árangursvísir 5.4 Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir.....	13
7.1.5 Árangursvísir 5.5 Samvinna starfsfólks.....	13
7.1.6 Árangursvísir 6.1 Húsnæði og almennur búnaður.....	13
7.1.7 Árangursvísir 6.2 Framboð námsgagna	13
7.1.8 Árangursvísir 6.3 Ráðning og hæfni starfsfólks	14
7.1.9 Árangursvísir 6.4 Starfsþróun og endurmat	14
7.2 STARFSMANNASAMTÖL.....	14
7.2.1 Fyrsta samtal – Styrkleikar og hæfileikar	14
7.2.2 Annað samtal – Starfsandi, liðsheild og stjórnun	15
7.2.3 Aukaspurning með starfsmannasamtölum	16
7.2.4 Þriðja samtal – Starfsumhverfi, umbætur og starfsþróun	16
7.3 MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNA.....	18
7.3.1 Nám og þroski barna metin	18
7.3.2 Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra.....	21
7.4 GRÆNFÁNAVERKEFNI.....	21
7.5 MAT Á SKÓLAÁRINU 2022-2023	21
7.6 AÐRIR MATSPÆTTIR.....	22
7.7 SAMANTEKT	22
7.7.1 Styrkleikar	22
7.7.2 Tækifæri til umbóta	23

8.	UMBÓTAÁÆTLUN SÍÐASTA SKÓLAÁRS	25
9.	UMBÓTAÁÆTLUN 2023-2024	30
10.	SJÁLFSMATSÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2023-2024	32
11.	SÍMENNTUNARÁÆTLUN 2023-2024	34

1. Inngangur

Samkvæmt 14. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 ber hverjum leikskóla að gefa út starfsáætlun árlega sem gerir grein fyrir starfsemi leikskóla hvert skólaár. Starfsáætlun skal staðfest af nefnd sveitarfélagsins skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skal hún kynnt foreldrum. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla í Hvalfjarðarsveit er sameinað í eitt ráð sem heitir skólaráð.

Samkvæmt aðalnámskrá gera leikskólar starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalagd hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnarmála eftir því sem við á. Áætlunin er unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Unnt er að vinna starfsáætlun þannig að starfsemi síðasta skólaárs sé metin við gerð hennar. Þannig gefst tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem þessir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta.

Tilgangur með starfsáætlun er að gera skólaþróun leikskólans markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta ári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

2. Skólinn

Skýjaborg er leikskólasvið Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Heimilisfang: Innrimelur 1, 301 Akranes

Símanúmer leikskólans: 433 8530

Leikskólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

Netfang: (eyrun@hvalfjardarsveit.is) / skyjaborg@hvalfjardarsveit.is.

Heimasíða skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

2.1 Forföll og opnunartími

Foreldrar eru beðnir um að tilkynna um allar breytingar á viðveru barnsins, t.d. veikindi eða frí.

Óskað er eftir að foreldrar hringi og tilkynni um veikindi eða fjarverur barnsins til starfsfólk deilda eða skrái fjarveru / sendi skilaboð í gegnum Karellen kerfið.

Opnunartími leikskólans er frá 7:30-16:30.

2.2 Skólahúsnæði, ákvörðun um barnafjölda

Við ákvörðun um fjölda barna í leikskóla skal m.a. tekið tillit til aldursdreifingar barna og sérþarfa, lengdar dvalartíma þeirra, stærðar leik- og kennslurýmis og samsetningar starfsmannahóps skv. 12. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla.

Áætlaður fjöldi barna í Skýjaborg er 40 börn skv. verklagsreglum fyrir leikskóla Hvalfjarðarsveitar.

2.3 Barnahópurinn

Barnafjöldinn verður eftirfarandi frá september 2023:

Árgangur	Fjöldi	Barngildi	Barngildi alls
2018	4	1	4
2019	6	1,1	6,6
2020	9	1,3	11,7
2021	2	1,6	3,2
2022	5	2	10
	26		35,5

Gert er ráð fyrir 0,25 stöðugildi vegna tveggja tvítyngdra barna, mat skólastjóra og sálfræðings. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

Líkt önnur ár er áætluð fjölgun barna eftir því sem líður á veturinn og þeim fylgir aukið stöðugildi.

3. Starfsfólk

Starfsmenn skólaárið 2023-2024 eru:

Starfsmenn:	Starfsheiti:	Starfshlutfall:
Agnieszka Aurelia Korpak	Leiðbeinandi KÍ	70%
Aldís Ósk Sævarsdóttir	Leiðbeinandi KÍ	100%
Árdís Hauksdóttir	Leiðbeinandi	100%
Bára Tómasdóttir	Deildarstjóri	100%
Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100%
Guðbjörg Benjamínsdóttir	Matráður	100%

Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	34%
Helga María Guðmundsdóttir	Leiðbeinandi – a.m.k. til 31.10.2023	57%
Hildur Sólmundsdóttir	Leiðbeinandi KÍ – hættir 31.8.2023	
Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi	85%
Karina Aleksandra Podlowska	Leikskólakennari	100%
Sigurbjörg Friðriksdóttir	Leikskólasérkennari	100%
Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir	Deildarstjóri	100%
Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi/aðstoðarmatráður – leyfi skólaárið 2023-2024	
Þórdís Þórisdóttir	Leikskólakennari	13,75%
	Stöðugildi samtals	9,89

Þetta skólaár er áfram tímabundin ráðning leikskólasérkennara líkt og síðasta skólaár.

Stöðugildi í Skýjaborg reiknast eftirfarandi haustið 2023-2024:

Stjórnun	1
Eldhús	1
Grunnstöðugildi	4,4375
Sérkennsla	0,25
Afleysing v. undirbúnings kennara	1,095
Afleysing v. undirbúnings leiðbeinenda	0,15
Afleysing 8,33%	0,5571
Tengiliður	0,1
Samtals	8,5896
ALLS v. styttingu vinnuvikunnar	9,6202

4. Skóladagatal Skýjaborgar 2023-2024

Skóladagatal er útfært árlega samkvæmt lögum. Að þeirri vinnu kemur allt starfsfólk skólans, foreldrafélagið, skólaráð og fræðslunefnd sem samþykkir dagatalið. Samkvæmt verklagsreglum leikskóla Hvalfjarðarsveitar skal leggja fram skóladagatal og samþykkja með því lokanir á stórhátíðardögum og skipulags- og fundardögum. Lokað er aðfangadag og gamlársdag. Leikskólagjöld eru ekki frádregin þessa daga.

Skóladagatöl leik- og grunnskóla hafa verið samræmd eins og kostur er til að koma til móts við foreldra sem eiga börn á báðum skólastigum. Skóladagatalið má finna á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/static/files/leikskoladagatal-2023-2024-samthykkt.pdf> og á mynd hér fyrir neðan.

AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1. Þ	1. F	1. S	1. M	1. F	1. M	1. F	1. F	1. M	1. M	1. M	1. M
2. M	2. F	2. M	2. F	2. S	2. Þ	2. F	2. S	2. Þ	2. F	2. S	2. Þ
3. Þ	3. S	3. F	3. F	3. S	3. M	3. S	3. S	3. F	3. F	3. M	3. M
4. F	4. M	4. M	4. S	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. F	4. F
5. S	5. Þ	5. F	5. S	5. Þ	5. F	5. M	5. Þ	5. F	5. S	5. M	5. F
6. M	6. M	6. F	6. M	6. M	6. S	6. S	6. M	6. S	6. M	6. F	6. S
7. Þ	7. F	7. S	7. F	7. F	7. S	7. M	7. S	7. S	7. F	7. F	7. S
8. S	8. M	8. M	8. S	8. M	8. F	8. S	8. M	8. M	8. M	8. M	8. M
9. M	9. S	9. M	9. F	9. S	9. Þ	9. F	9. S	9. Þ	9. F	9. S	9. Þ
10. F	10. M	10. M	10. F	10. S	10. M	10. S	10. M	10. F	10. S	10. M	10. M
11. Þ	11. S	11. M	11. S	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. F	11. F
12. S	12. Þ	12. F	12. S	12. Þ	12. F	12. M	12. S	12. F	12. S	12. M	12. F
13. M	13. M	13. F	13. M	13. M	13. S	13. S	13. M	13. S	13. M	13. F	13. S
14. Þ	14. F	14. S	14. Þ	14. F	14. M	14. M	14. F	14. S	14. Þ	14. F	14. S
15. S	15. Þ	15. M	15. S	15. M	15. F	15. S	15. M	15. F	15. S	15. M	15. S
16. M	16. M	16. F	16. M	16. F	16. S	16. S	16. M	16. S	16. M	16. F	16. S
17. Þ	17. M	17. M	17. F	17. S	17. M	17. S	17. M	17. F	17. S	17. M	17. M
18. S	18. M	18. M	18. S	18. M	18. F	18. S	18. M	18. S	18. M	18. F	18. S
19. M	19. S	19. M	19. S	19. Þ	19. M	19. M	19. F	19. S	19. M	19. M	19. F
20. F	20. M	20. M	20. F	20. S	20. S	20. M	20. S	20. M	20. M	20. S	20. S
21. Þ	21. F	21. S	21. Þ	21. F	21. M	21. S	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S
22. S	22. Þ	22. M	22. S	22. M	22. F	22. S	22. M	22. F	22. S	22. M	22. M
23. M	23. M	23. F	23. M	23. S	23. M	23. S	23. M	23. F	23. S	23. M	23. S
24. Þ	24. M	24. M	24. F	24. S	24. M	24. S	24. M	24. S	24. M	24. F	24. M
25. S	25. Þ	25. M	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F
26. M	26. M	26. F	26. M	26. S	26. M	26. S	26. M	26. S	26. M	26. F	26. S
27. Þ	27. M	27. M	27. F	27. S	27. M	27. S	27. M	27. F	27. S	27. M	27. M
28. S	28. M	28. M	28. S	28. M	28. F	28. S	28. M	28. S	28. M	28. F	28. S
29. M	29. S	29. M	29. S	29. Þ	29. M	29. M	29. F	29. S	29. M	29. M	29. F
30. F	30. M	30. M	30. F	30. S	30. S	30. M	30. S	30. M	30. M	30. S	30. S
31. Þ	31. F	31. S	31. Þ	31. M	31. M	31. S	31. M	31. F	31. S	31. M	31. M

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hlífðsjón af kjarasamningum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

4.1 Leyfis dagar

Sumarfrí 20 virkir dagar frá 8. júlí til og með 2. ágúst 2024.

4.2 Skipulags dagar

Skipulagsdagar skólaársins 2023-2024 verða 6 talsins, allir heilir:

Sameiginlegur skipulagsdagur **14. ágúst** (mánudagur): Líkamsbeiting + önnur fræðsla.

Skipulagsdagur **18. september** (mánudagur): Undirbúningur vetrarstarfs.

Skipulagsdagur **18. október** (miðvikudagur): námskeið, starfsmannafundur, deildarvinna.

Skipulagsdagur **2. janúar** (þriðjudagur): Starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

Skipulagsdagur **19. febrúar** (mánudagur): Starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

Skipulagsdagur **2. apríl** (þriðjudagur): Innra mat, starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

5. Áherslur í leikskólastarfinu

Í skólanámskrá má finna þær áherslur sem skólinn setur sér, markmið og þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skólanámskrána má finna á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skolastarfid/skolanamskra>. Deildarnámskrár Regnbogans og Dropans eru svo ítarlegri og sína þau markmið og leiðir sem farnar eru á hvorri deild fyrir sig. Þær eru yfirfarnar á hverju vori og uppfærðar ef þörf er á. Finna má deildarnámskrár á heimasíðu skólans: <https://skoli.hvalfjardarsveit.is/is/skyjaborg/deildir-leikskolans>.

Leikskólinn hóf í desember 2022 þátttöku í sprotaverkefniinu Teymisvinna í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Það verkefni heldur áfram þetta skólaár og er áætlað til þriggja ára. Verkefnið snýst um að innleiða vinnubrögð lærdómssamfélagsins í skólasamfélagið. Það er gert m.a. með því að þróa teymisvinnu og samstarfsmenningu, efla dreifða forystu með leiðtogum í

teymum, styðja stjórnendur í kennslufræðilegri forystu og styðja kennara í að nýta fjölbreyttar og gagnreyndar aðferðir til að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda.

Aðrar áherslur koma fram í umbótaáætlun hér fyrir neðan.

6. Dagar og viðburðir í Skýjaborg 2023-2024

Foreldraviðtöl: Boðið er upp á tvö foreldraviðtöl yfir veturinn, í október og mars. Foreldrar geta ávallt sóst eftir fleiri viðtölum ef þeim finnst þörf á og hafa þá samband við deildarstjóra til þess.

Dagur læsis 8. september: Bækur sérstaklega velkomnar, þær skoðaðar og sumar lesnar.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september (ath. laugardagur, finna annan dag): Njóta náttúrunnar í nágrenni leikskólans. Möguleiki að fara í vettvangsferð með nesti.

Kynningarfundur Dropa 19. september: Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

Kynningarfundur Regnboga 20. september: Farið verður yfir starfið á deildinni og helstu áherslur skólans.

FAST hetjur: Lærðu hvernig þú getur barist gegn slagi: 5 vikna námsefni fyrir elsta árganginn. Hefst 25. september.

Umferðarvika 16.-20. október: Umferðarvika að hausti.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október: Þá mega börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum.

Bleikur dagur í október: Á bleika deginum sýnum við samstöðu, klæðumst bleiku og höfum bleikt í fyrirrúmi.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Afmælisdagur Lubba. Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum. 3. bekkur kemur í heimsókn og les fyrir börnin. Rithöfundur fengin í heimsókn til að lesa úr verkum sínum einhvern tímann í kringum þennan dag.

Fullveldisdagurinn 1. desember: Þá eru elstu börnin með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla.

Aðventa: Smákökubakstur í lok nóv/byrjun des. Þann 8. desember er áætlað foreldrakaffi sem er róleg stund með foreldrum, boðið upp á kaffi og heimabakaðar smákökur. Þann 13. desember eru áætluð litlu jólin hér í Skýjaborg. Þá hittumst við saman, syngjum jólalög og dönsum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn er hátíðarmatur. Í kringum aðventuna höfum við einnig fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Lagt er upp með að aðventan sé róleg, fjarri stressi og hraða sem myndast oft í þjóðfélaginu á þessum tíma árs. Einn dag á aðventunni höldum við jólafatadag þar sem allir eru hvattir til að mæta með jólahúfur, í jólapeysum, buxum eða sokkum (ath. við erum ekki að tala um spariföt).

Bóndadagskaffi 19. janúar: Á bóndadaginn er öllum körlum í lífi barnanna boðið í bóndadagskaffi.

Þorrinn: Þorrablót haldið einn dag á þorra. Hangikjöt, harðfiskur og þorramatssmakk. Á þorranum ætlum við að hafa einn rafmagnslausan dag.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Í tilefni hans förum við saman í skróðgöngu um hverfið og reynum að vekja athygli út á við á leikskólastarfi.

Bolludagur 12. febrúar: Boðið er upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómobollur í kaffitíma.

Sprennidagur 13. febrúar: Boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 14. febrúar: Allir mega koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá koma allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni og haldið er ball.

Konukaffi 23. febrúar: Í tilefni konudags 18. febrúar er öllum konum í lífi barnanna boðið í konukaffi föstudaginn 23. febrúar.

Dagur stærðfræðinnar 14. mars: Í tilefni hans er boðið upp á allskonar stærðfræði þrautir fyrir alla aldurshópa.

Tannverndarvika 18.-22. mars: Farið er yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

Dans: Í 5 vikur í mars og apríl er danskennari fenginn 1x í viku til að brjóta upp leikskólastarfið og kenna börnunum skemmtilega dansa.

Dagur umhverfisins, 25. apríl (ath. Sumardagurinn fyrsti – finna annan dag): Þá er farið út að tína rusl í nágrenni skólans. Ef áhugi er fyrir hendi er gaman að búa eitthvað til úr ruslinu. Sum ár hefur verið útbúið ruslaskrímsli.

Vorskóli elstu barna: 6., 7. og 8. maí verður útskriftarárgangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fara börnin með skólarútunni að heiman, sækja Heiðarskóla þrjá heila daga og koma ekkert í leikskólann.

Sveitaferð: 17. maí er áætluð sveitarferð.

Útskrift: 23. maí kl. 14:00, verður útskrift elstu barna. Börnin æfa atriði og sýna, síðustu ár hafa börnin farið með þulu og sungið lag. Börnin fá afhent skírteini og gjöf. Hóp- og einstaklingsmyndir teknar. Eftir útskrift, kl. 14:30, er áætluð vorhátíð foreldrafélagsins.

Umferðarvika 13.-17. maí og hjóladagur 16. maí: Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá vikuna.

Útskriftarferð: Einn veðurblíðan dag í lok maí eða í júní munu börnin fara í útskriftarferð. Farið er á Akranes. Dagskrá og tímasetning auglýst þegar nær dregur.

Sumardagskrá: Síðustu tvö árin hefur sumardagskrá verið sett á laggirnar með uppbrotsdögum í júní, s.s. útidótadagur, búningadagur, bangsa- og náttfatadagur.

7. Mat á skólastarfi 2022-2023

Mat á skólastarfi tekur mið af markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá. Árlega er sett fram matsáætlun sem tryggir mat á öllum þáttum skólastarfsins á fimm ára tímabili. Á hverju ári eru matsfundir að vori þar sem skólastarfi ársins er metið í heild og einstakir þættir þess. Við mat á skólastarfi er unnið út frá matsaðferðinni Barnið í Brennidepli sem er heildstætt matstæki.

Áherslur skólaársins í Barni í brennidepli 2022-2023 voru að meta:

Lykilþáttur 5: Vinnusiðfræði leikskólans

Árangursvísir 5.1 Starfsandi

Árangursvísir 5.2 Jafnrétti og réttsýni

Árangursvísir 5.3 Samvinna við foreldra

Árangursvísir 5.4 Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

Árangursvísir 5.5 Samvinna starfsfólks

Lykilþáttur 6: Námsumhverfi leikskólans

Árangursvísir 6.1 Húsnæði og almennur búnaður

Árangursvísir 6.2 Framboð námsgagna

Árangursvísir 6.3 Ráðning og hæfni starfsfólks

Árangursvísir 6.4 Starfsþróun og endurmat

Stefnt er að því að allt starfsfólk taki þátt í mati á leikskólastarfi á starfsmannafundum eða deildarfundum eftir því sem við á. Tekin er hluti af síðasta skipulagsdegi vetrarins þar sem mat er klárað.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarfundir á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.
- Viðhorfaskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.

7.1 Barnið í brennidepli

Leikskólinn byrjaði að nota matstækið Barnið í brennidepli skólaárið 2010-2011. Teknir eru nokkrir árangursvísar á ári og er farið á 3-5 árum yfir alla lykilþættina og árangursvísana. Þetta skólaár var prófað í fyrsta skipti að útbúa gátlista og starfsmenn beðnir að fara yfir og gefa hverjum kjarna stig frá 4 - 1. *Hvernig stöndum við?* Er spurning sem höfð var í huga meðan stigagjöfin var framkvæmd. Ef gefið var stig 3 – 1 átti starfsfólk að skýra út hvað vantaði upp á, s.s. með því að undirstrika undir viðeigandi í viðmiðum eða skrifa til hliðar, s.s. með því að svara spurningunni: *Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?* Starfsfólk var skipt upp í þrjá 4-5 manna hópa og svaraði á skipulagsdegi 23.2.2023.

Stigin:

4	mjög gott	miklir styrkleikar
3	Gott	fleiri styrkleikar en veikleikar
2	sæmilegt	nokkrir áberandi veikleikar
1	ófullnægjandi	miklir veikleikar

Viðmið 4. stigs fyrir hvern árangursvísi er staðlaður og fékk starfsfólk viðmiðin til viðmiðunar.

Á töflunni hér fyrir neðan má sjá stigagjöf. Meðaltal var tekið af niðurstöðum hópanna.

Lykilþáttur 5. - Vinnusiðfræði leikskólans					
		Stig			
Árangursvísar:	Kjarnar:	4	3	2	1
5.1 Starfsandi	Samkennd barna og starfsfólks	4			
	Móttaka foreldra og gesta		3,33		
	Tengsl milli starfsfólks, barna og foreldra		3,33		
	Stuðningur við jákvæða hegðun		3,33		
5.2 Jafnrétti og réttisýni	Jafnréttisáætlun	4			
	Félagsleg aðlögun	4			
5.3 Samvinna við foreldra	Þátttaka foreldra		3		
	Viðbrögð leikskólans við viðhorfum foreldra	3,5			
	Samskipti við foreldra	3,67			

5.4 Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir	Gildi tengsla við aðra skóla		2,67		
	Tengsl almennt við samfélagið	3,67			
5.5 Samvinna starfsfólks	Gæði samvinnu meðal starfsfólks	3,5			
	Þátttaka starfsfólks	3,5			
Lykilþáttur 6. - Námsumhverfi leikskólans					
		Stig			
Árangursvísar:	Kjarnar:	4	3	2	1
6.1 Húsnæði og almennur aðbúnaður	Gæði og öryggi húsnæðis				1,33
	Aðgengi			1,67	
	Hagkvæm notkun rýmis			2,33	
	Sýningar		3		
6.2 Framboð námsgagna	Nýting fjármagns			1,67	
	Notagildi námsgagna			2,17	
	Aðgengi námsgagna			2,17	
6.3 Ráðning og hæfni starfsfólks	Samsetning starfshópsins			2	
	Reynsla, hæfni og sérþekking starfsfólks		3,33		
	Mannauður leikskólans	3,67			
6.4 Starfsþróun og endurmat	Starfsþjálfun og fræðsla		2,67		
	Mat á starfsþróun	3,67			

7.1.1 Árangursvísir 5.1 Starfsandi

- Starfsfólk er sammála um að það leitist við að skapa andrúmsloft þar sem gagnkvæmt traust, virðing og trúnaður ríki í leikskólanum og að það ríki samkennd meðal barna og starfsfólks í leikskólanum.
- Starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að vel sé tekið á móti foreldrum og gestum með skipulögðum hætti og að starfsfólk og stjórnendur gegni mikilvægu hlutverki við að skapa jákvætt andrúmsloft í leikskólanum. Hugmynd kom að hafa hurðir meira opnar á deildum að morgni dags til að opna aðgengi foreldra að deildunum.
- Starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að góður andi ríki milli barna og starfsfólks og tengsl milli starfsfólks, foreldra og barna séu mjög jákvæð og góð.
- Starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að í leikskólanum séu skýrar hegðunarreglur sem allt starfsfólkið beitir og börnin skilja. Einnig er það sammála um að það bregðist við erfiðri hegðun með umhyggju og næmni í samvinnu við foreldra. Og að upplýsingaflæði á milli deilda megi bæta svo allir starfsmenn beiti sömu hegðunarreglum / bregðist eins við sama á hvaða deild þeir vinni.

Til umbóta: Starfsfólk ræði um að hafa hurðir opnar að morgni dags til að opna aðgengi foreldra inn á deildir, og/eða finna aðrar hugmyndir. Bæta upplýsingaflæði á milli deilda varðandi viðbrögð við einstaka barn með erfiða hegðun.

7.1.2 Árangursvísir 5.2 Jafnrétti og réttsýni

- Starfsfólk er sammála um að stefna leikskólans og starfsaðferðir tryggi að börn, foreldrar og starfsfólk njóti jafnréttis og virðingar. Tillit sé tekið til fötlunar, kyns, trúar, kynþáttar, menningarlegs bakgrunns og tungumáls, á sanngjarnan og réttlátan hátt án mismununar. Og að öllum finnist þeir vera metnir að verðleikum.
- Starfsfólk er sammála um að því gangi vel að styðja og hvetja foreldra til félagslegra samskipta og leiðir séu valdar til að aðstoða foreldra sem eiga í erfiðleikum með að leita sér stuðnings.

Til umbóta: Í lagi.

7.1.3 Árangursvísir 5.3 Samvinna við foreldra

- Starfsfólk er frekar sammála því að samvinna við foreldra sé góð og foreldrar séu hvattir til að taka þátt í starfinu innan leikskólans og að vinna samhent með starfsfólki við uppeldi og menntun barnanna. Einnig að þátttaka foreldra sé vel skipulögð og gagnleg og starfsfólk sýni hæfni í vinnu með foreldrum. Starfsfólk vill hvetja hvort annað í aukin samtöl/samskipti við foreldra.
- Starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að það taki mark á og meti vitneskju og viðhorf foreldra til þroska, áhugasviðs og persónuleika barnanna að verðleikum. Og að spurningum foreldra sé ávallt svarað skýrt og yfirvegað. Starfsfólk vill samrýma svör á milli sín ef alvarleg mál eða fyrirspurnir koma frá foreldrum sem þeir hafa ekki vitneskju um eða tök á að svara: Að þeir þakki fyrir ábendinguna, skoði málið, ræði við deildarstjóra sem hafi svo samband í framhaldi.
- Starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að samskipti við foreldra séu góð. Tækifæri gefast á miðlun uppýsinga sem máli skipta fyrir uppeldi og menntun barnanna. Tækifæri gefast á miðlun upplýsinga sem máli skipta fyrir uppeldi og menntun barnanna. Starfsfólki finnst helst að bæta mætti upplýsingar til foreldra um markmið og námskrá leikskólans þannig að þær séu skýrar og vel fram settar. Foreldrar fá reglulega umsagnir um framfarir barna sinna. Starfsfólk telur sig veita foreldrum stuðning og ráðgjöf við uppeldi og menntun barnanna.

Til umbóta: Bæta mætti miðlun upplýsinga til foreldra um markmið og námskrá leikskólans.

Samræma svör / setja í starfsmannahandbók ef alvarleg mál eða fyrirspurnir koma frá foreldrum sem

þeir hafa ekki vitneskju um eða tök á að svara: Að þeir þakkir fyrir ábendinguna, skoði málið, ræði við deildarstjóra sem hafi svo samband í framhaldi.

7.1.4 Árangursvísir 5.4 Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir

- Starfsfólk er sammála því að góð tengsl séu við Heiðarskóla og góð tengsl séu við viðkomandi menntastofnanir þegar við tökum á móti nemum. Við erum ekki í tengslum við aðra leikskóla eins og er (engir í nágrenninu).
- Starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að leikskólinn sé virkur þátttakandi í samfélaginu. Og að starfsfólk hafi vitneskju um og nýti vel þær stofnanir sem til eru innan samfélagsins.

Til umbóta: Í lagi. Möguleiki að fara í samstarf við aðra leikskóla.

7.1.5 Árangursvísir 5.5 Samvinna starfsfólks

- Starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að starfsfólk vinni vel saman og styðji hvert annað félagslega. Að það myndi samhentan og hugmyndaríkan starfshóp.
- Starfsfólk er mjög eða frekar sammála að starfsfólkið leggi sitt af mörkum við að mynda góðan starfsanda innan leikskólans. Og að fjölbreyttir hæfileikar starfsfólks séu metnir að verðleikum og á þeim byggt.

Til umbóta: Í lagi. Hugmynd hefur komið upp að útbúa samskiptasáttmála saman til að ramma betur inn samskipti sem við viljum eiga innan Skýjaborgar.

7.1.6 Árangursvísir 6.1 Húsnæði og almennur búnaður

- Starfsfólk er ekki sammála því að húsnæðið sé öruggt, hreinlegt, þægilegt og skapi hvetjandi umhverfi fyrir börnin. Og að húsnæðið sé í góðu ástandi hvað varðar viðhald og er aðlaðandi. Aðallega er starfsfólk þá að huga að umhverfi 1 árs barnanna. Hurðahúnar eru of lágir og skapa hættu fyrir 1 árs börnin sem geta opnað og farið um alls staðar inn á Dropanum. Setja þarf krækjur eða lása til að fyrirbyggja það. Vantar klemmuvörn á hurð listasmiðju Dropans og kastalinn dropamegin er of stór fyrir 1 árs börn eins og hann var keyptur fyrir. Stefnt er að byggingu nýs leikskóla á næstu árum.
- Starfsfólk er ekki sammála því að aðgengi að húsnæðinu sé viðeigandi fyrir þarfir allra sem það nota. Og að viðeigandi aðstæður séu fyrir hendi til að tryggja öryggi barnanna jafnt innan sem utan leikskólans. Ekki er hjólastólaaðgengi, en engin með líkamlega fötlun notar leikskólann í dag eða hefur sóst eftir því.
- Til eru svæði þar sem börnin geta leikið í litlum hópum sem stórum. Rými, þar með talið leiksvæði utanhúss, er vel nýtt og veitir áhugaverða möguleika fyrir leik. Útivistin er vel skipulögð.
- Sýningar eru settar upp á áhugaverðan hátt til að vekja áhuga barna og foreldra og til að gera starfið í leikskólanum sýnilegra.

Til umbóta: Bæta klemmuvörn á listasmiðju Dropans. Passa upp á hæð hurðahúna og stærð kastala við byggingu nýs leikskóla. Setja krækjur eða lása á hurðar inni á Dropa.

7.1.7 Árangursvísir 6.2 Framboð námsgagna

- Starfsfólk er ekki sammála um hvort fjárveiting til leikskólans sé vel nýtt til stuðnings við uppeldis- og menntastarfið í leikskólanum. Starfsfólk telur þörf á tíma til að fara yfir, skipuleggja og meta reglulega úrval námsgagna í leikskólanum og koma með hugmyndir að nýjum. Starfsfólk telur hugmynda ekki aflað frá foreldrum og börnum við kaup á námsgögnum.
- Fjölbreytt úrval námsgagna er til staðar. Starfsfólk telur þörf á tíma til að fara yfir, skipuleggja og meta reglulega úrval námsgagna í leikskólanum og koma með hugmyndir að nýjum.

- Starfsfólk telur að það vanti geymslu fyrir námsgögn svo hún sé sem best skipulögð og aðgengileg starfsfólki og þar sem það á við börnum og foreldrum. Sameiginleg nýting námsgagna er árangursrík, vel skipulögð og undir eftirliti.

Til umbóta: Gefa starfsfólki tíma til að yfirfara námsgögn leikskólans og koma með hugmyndir að nýjum. Gefa foreldrum/börnum tækifæri til að koma með hugmyndir, foreldrafélagið hefur þó komið með hugmyndir og gefið leikskólanum gjafir öðru hvoru undanfarin ár. Passa upp á að geymslupláss fyrir námsgögn verði til staðar í nýrri byggingu leikskóla.

7.1.8 Árangursvísir 6.3 Ráðning og hæfni starfsfólks

- Viðeigandi ferli er notað við ráðningu starfsfólks og við að styðja það frá upphafi í starfi. Fjöldi starfsmanna er samkvæmt reglugerð og stuðningur við börn með sérþarfir til staðar. Starfsfólk óskar eftir frekari stuðningi og eftirfylgni með nýjum starfsmönnum.
- Starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að hver og einn starfsmaður fái að njóta hæfileika sinna á mismunandi sviðum, s.s. vegna reynslu og/eða sérfræðipækkingu sem máli skiptir fyrir leikskólann.
- Starfsfólk er mjög eða frekar sammála um að starfshópurinn dreifi kröftum sínum þannig að þekking nýtist vel, en alltaf hægt að bæta.

Til úrbóta: Betri stuðningur og eftirfylgni með nýjum starfsmönnum (komið í Starfsmannahandbók).

7.1.9 Árangursvísir 6.4 Starfsþróun og endurmat

- Möguleikar eru innan leikskólans til að gefa starfsfólki tækifæri á að þróast í starfi. Starfsfólk er ekki nógu vel upplýst um stefnu leikskólans/sveitarfélagsins og möguleika á fræðslu og menntun í starfi.
- Starfsfólk er sammála um að skipulag vegna starfsviðtala og funda til að meta starfið er til staðar og er í samræmi við stefnumótun sveitarfélagsins.

Til úrbóta: Bæta stefnu leikskólans og gera hana sýnilegri starfsfólki.

7.2 Starfsmannasamtöl

Starfsfólki er boðið upp á þrjú starfsmannasamtöl yfir skólaárið. Hvert samtal hefur ákveðin markmið og lykilspurningar sem stjórnandi og starfsmaður fara yfir og finna leiðir til úrbóta sé þess þörf. Samtalsramma má sjá í viðauka í Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar 2022-2023.

7.2.1 Fyrsta samtal – Styrkleikar og hæfileikar

Fór fram á tímabilinu 2.-9. nóvember 2022. Eitt samtal ílengdist til 1. febrúar 2023.

Niðurstöður: Alls tóku 9 starfsmenn fyrsta samtal skólaársins sem snéri að styrkleikum og hæfileikum. Markmið samtalsins var að greina styrkleika/hæfileika starfsmanns og finna leiðir til að nýta þá sem best.

Starfsfólk kafaði inn á við og ræddi starfið sitt í tengslum við styrkleika sína og hæfileika og setti sér persónuleg markmið í starfi. Flestir starfsmenn voru sammála um að gott væri að fá hrós og endurgjöf í daglegum samræðum, fá klapp á bakið.

Annað sem kom fram í einstaka samtali: Þegar það er fullmannað nýti ég styrkleika mína betur, þá eru engar reddingar á öðrum hlutum, allir geta sinnt sínu starfi. Gott að hafa leikskólasérkennara í húsi. Má minnka kennaraspjall yfir börnum. Leiðbeinendur meira með börnunum en starfsmenn með

menntun, mættum fá meira frá þeim / þeirra undirbúningi. Námskeið í tölvuvinnu. Væri flott að hafa reglulegar starfendarannsóknir, lærum mikið á því, einn með umsjón og aðrir virkir í þátttöku.

Tækifæri til úrbóta: Minnka kennaraspjall yfir börnum (komið). Skýrleiki í undirbúningi, hvað er gert / hvað getum við gert? Námskeið í tölvuvinnu fyrir þá sem vilja.

7.2.2 Annað samtal – Starfsandi, liðsheild og stjórnun

Fór fram á tímabilinu 7. febrúar – 2. mars 2023.

Niðurstöður: Alls tóku 11 starfsmenn annað samtal skólaársins sem snéri að starfsanda, liðsheild og stjórnun. Markmið samtalsins var að heyra raddir allra í hvað við getum gert betur í samvinnu og stjórnun.

Starfsmenn voru beðnir að meta starfsáængju sína og mátu allir starfsmenn hana góða eða mjög góða og líður öllum vel. Margir nefndu góðan starfsanda og létt andrúmsloft. Helsta sem starfsfólk nefndi að veiti þeim vellíðan í vinnunni er vinnan og samvera með börnunum og samstarfsfólk/starfsandinn. Svo nefndi starfsfólk einnig vinastundir, litlu hlutina að ná vel til barnanna, að fá lausar hendur til að gera það sem það langar; virkjar hugmyndarflug og sköpunarkraft, að gefa klapp á öxl ef öðrum gengur illa og skólaverkefnið (Ögu-verkefni) að bæta starf á milli deilda. Það sem starfsfólk nefndi til að bæta sína vellíðan er til dæmis að róa sig niður til að minnka stress, tala saman og láta vita, að vera meðvituð um að detta ekki í neikvæða umræðu og taka ekki þátt í henni ef hún kemur upp, að bæta upplýsingaflæði stundum og muna eftir jákvæðni og þakklæti.

Starfsfólki finnst heiðarleiki, hlýja, virðing, traust og skilningur meðal annars einkenna samskipti og samvinnu hjá sér og skólanum í heild gagnvart foreldrum. Starfsfólk á í góðum samskiptum við foreldra. Hugmyndir komu frá einstaka starfsmanni til að bæta samstarfið, t.d. að setja fleiri verkefni fram fyrir foreldra og hafa hurðirnar inn á deildir meira opna á morgnana. Starfsfólk nefndi einnig að gott væri að hafa rýmið í Stjórnsýsluhúsinu. Gagnvart vinnufélögum er traust, góður starfsandi, góð samskipti, létt andrúmsloft, virðing, skilningur, hlýja, stuðningur, þolinmæði það sem starfsfólk nefndi að einkenndi samskipti og samvinnu á milli sín. Starfsfólk telur sig eiga góð samskipti við börnin sem einkennist af festu, kærleik, virðingu, skilning, hlýju, stuðning, áhuga, vinsemd. Einn starfsmaður nefndi að það væri skemmtilegt að sjá hvað Bínu-reglurnar hjálpa börnunum með aga og mörk.

Starfsfólk var spurt út í leiðir fyrir starfsmenn til að vinna betur saman og nefndi starfsfólk meðal annars meira samtal, opin samskipti og biðja um aðstoð á milli deilda. Að hugsa jákvætt. Meðvitund að vinnan á deildunum er ólík, ekki hægt að bera saman, skipta starfsmönnum svo starfsfólk upplifi báðar deildir. Skýrt upplýsingaflæði. Setja einnig fundi inn á upplýsingatöfluna. Starfsfólk nefndi einnig að við höfum unnið mikið í þessu, skólaverkefnið hennar Ögu, starfendarannsóknin um samvinnu á milli deilda er að skila sér.

Starfsfólk var spurt út í hvort einhverjir flöskuhálsar væru gagnvart framkvæmd og úrlaus verkefna og nefndi starfsfólk meðal annars að þörf á að bæta skipulag með eldri börnum á Dropanum þegar yngri börnunum fjölgar. Mikil dagskrá. Mikið af verkefnum. Misræmi stundum hverjir ná hópastarfi á deildinni/Regnboga. Veikindi á starfsfólki.

Að lokum var starfsfólk spurt út í hvað væri það fyrsta sem það myndi vilja breyta ef það væri yfirmaður. Margir höfðu ekkert að segja. Aðrir nefndu að kíkja reglulega inn á deild og kanna hvernig gengur og hvort þurfi aðstoð. Upplýsingatöflu fremst í hús. Skólastjóri og deildarstjórar fyrstir í hús.


Allir undirbúningstímar eftir hádegi. Passa upp á að starfsmenn séu ekki með börnin sín á deild. Meiri ákveðni, mitt starfsfólk, sækja aðstoð. Nýr leikskóli með þrjár deildir þar sem væri ein ungarnadeild fyrir þau yngstu þannig hægt sé að hafa þau sér. Nýtt eldhús. Mannskapur í eldhúsi þannig hægt væri að hafa allt lífrænt og heimaunnið. Meira samtal hópurinn sem heild um okkar vinnu.

Annað: Vantar rými fyrir sértæka íhlutun. Mikilvægt að við fáum að sjá teikningar á nýjum leikskóla. Væri gaman að hafa litla stofu bara fyrir einingakubba og minnka þannig tiltekt í kringum þá. Glugga í hæð barnanna svo þau geti verið í gluggakistunum. Rifja upp hugmyndafræði leikskólans, kannski ekki nógu ítarlegt á haustin?

Tækifæri til úrbóta: Verkefni barna í fataherbergi? Hurðir á deildum meira opnar á morgnana? Fundi á upplýsingatöflu (komið). Skipulag á Dropanum með eldri árgang (komið).

7.2.3 Aukaspurning með starfsmannasamtölum

Í starfsmannakönnun Skólapúlsins sem tekin var í mars í fyrra (2022) var starfsfólk spurt hvort það væri ánæggt með gæði vinnunnar sem það vinnur. Skýjaborg kom tölfraðilega marktækt verr út heldur en landið í heild, sem er áhyggjuefni. Spurningin var lögð fyrir starfsmenn aftur og spurt hvernig það myndi svara þessari spurningu í dag (starfsmenn sem voru ekki í vinnu í mars 2022 voru ekki spurðir). Ef starfsmenn svöruðu að þeir væru ekki ánægðir, þá var aukaspurning: Hvernig getum við unnið úr því? Hvað þarf að gerast svo þú sért ánægður með gæði vinnunnar sem þú vinnur? Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður sem eru jákvæðar, en hafa skal í huga að auðvitað eru spurningarnar ekki lagðar eins fram og sjáum við einnig vonandi betri niðurstöður á milli kannanna Skólapúlsins frá 2022 til 2024.



7.2.4 Þriðja samtal – Starfsumhverfi, umbætur og starfsþróun

Fór fram á tímabilinu 2.-10. maí 2023.

Niðurstöður: Alls tóku 13 starfsmenn þriðja samtal vetrar sem snéri að starfsumhverfi, umbótum og starfsþróun. Markmið samtals var að heyra raddir allra hvernig við getum náð auknum árangri í starfi sem einstaklingur og vinnustaðurinn í heild.

Starfsfólk var spurt út í þætti í starfi eða starfsumhverfi sem gætu haft áhrif á framtíð þeirra. Sumt starfsfólkið nefndi jákvæða punkta svo sem jákvætt að sjá framfarir barnanna og jákvætt og hlýtt samstarfsfólk. Aðrir starfsmenn ræða mikilvægi þess að passa upp á rétta líkamsbeitingu við ýmis verk og mikilvægi þess að viðhalda góðum starfsanda fyrir andlega líðan. Einnig var rætt að hafa vinnurúllur þannig að einn starfsmaður sé t.d. ekki alltaf fastur á lokunarvakt, heldur dreifist álagið á fleiri.

Allt starfsfólk telur sig njóta sín til fulls í núverandi stöðu. Einn nefndi að hann njóti sín til fulls en starfið er krefjandi en skemmtilegt. Annar nefndi að það væri gott að breyta og hafa undirbúningin heilan dag í stað þess að dreifa á marga daga. Einn nefndi að þörf hefði verið á meira skipulagi á Dropanum eftir að mörg 1 árs börn byrjuðu í vetur.

Starfsfólk er með ýmsar hugmyndir til að bæta skólann okkar m.t.t. vinnuaðstöðu, vinnuskipulags og samstarfs. Hér verða þær taldar upp hugmyndir sem koma frá einstaka starfsmanni: Hærra hlið inn á lóðina sem börnin geta ekki opnað (á dagskrá í sumar). Lagfæra klifurgrind (á dagskrá í sumar). Skoða vinnuskipulagið á Dropanum og að allt starfsfólk fari eftir skipulaginu (fór strax í framkvæmd). Að nýta leikskólann betur, s.s. að Dropinn geti notað Regnbogann þegar regnbogakrakkar eru úti. Að rúlla á vöktum. Að hafa samfelldari undirbúning. Einn starfsmaður nefndi að mögulega væri betra fyrir hann að vinna 8 klst. og safna styttingunni í dögum. Einn starfsmaður nefndi að áhugavert væri að prófa samkvæmt rannsókn að hafa meiri hreyfingu í upphafi dags, s.s. æfingar og útinám og hafa hópastarf og rólegheit eftir hádegi. Halda áfram með samstarf, regndropasköpun, á milli deilda. Bæta í tónlistina með því starfsfólki sem við höfum, nýta mannauðinn.

Einnig voru jákvæðir hlutir nefndir í tengslum við vinnuskipulagið og samstarf: Vinnuskipulag fínt á Regnboganum. Frábært að búið sé að kaupa sóp til að sópa lóðina. Skipulag gott. Samskiptataflan góð. Gott að bæta inn örfundunum. Við erum duglegar að setjast niður um leið og eitthvað kemur upp á.

Starfsfólk var spurt í hvaða endurbætur/umbætur það myndi setja efst á blað (m.t.t. verkferla og vinnubragða). Ýmsar hugmyndir komu upp: Stækka húsnæðið. Laga sprungnar rúður. Bæta vinnuskipulagið á Dropa. Tala vel saman á milli deilda. Fleiri rólur á dropaútisvæðið. Skipta út kastala á Dropa-lóð, of hár. Listsköpun: Mikilvægt að við höldum í okkar menningu, meira kennarastýrt hefur komið inn núna, tökum það út. Minnka unna matvöru í hádegismatnum. Minnka sykur á morgnana (rúsínur, döðlur, bananar) og fá frekar ferskt inn í staðin í litlum bitum. Gera matseðil fjölbreyttari.

Starfsfólk var spurt út í hvaða færni það myndi vilja læra s.s. námskeið eða námstækifæri. Sumir eru í námi og finnst það nóg. Aðrir nefndu: tölvunámskeið. Íslensku. Námskeið v. sérþarfa s.s. ADHD (nýbúið), einhverfi o.fl. TRAS námskeið. Söngnámskeið. Aseba námskeið. Uppeldisfræði. Gítarnámskeið. Efla færni í sérkennslufræðum. Upprífjun á okkar áherslum saman, ekki námskeið (Blær, Lubbi, einkunnarorð skólans). Verklegt nám í stað fyrirlesturs, prófa að gera eitthvað sem nýtist í starfi s.s. spil og annað málörvunarefni sem við eigum. Einn nefndi einnig að Eyrún sendir margar hugmyndir, þarf að skoða betur.

Starfsfólk var spurt hvort það hefði áhuga á breytingum í starfi. Margir bara sáttir með sitt. Aðrir komu með hugmyndir að breytingum sem teknar verða til skoðunar fyrir haustið. Einnig var starfsfólk spurt út í hvaða stöðu það vildi gegna eftir 1-3-5 ár.

Annað sem kom fram í einstaka samtali: Setja upp stafræna klukku á 1-2 stöðum í leikskólanum fyrir þá sem kunna ekki á venjulega klukku. Duglegri í skráningum fyrir starfsfólkið og foreldra. Yndislegt þegar fagfólkinu fjölgar og við erum fleiri fagmenntaðar á hvorri deild. Þörf á sérkennslurými, núna

taka sálfræðingur og talmeinafræðingur listasmiðju þegar þau eru. Vöntun á geymslurými til að geta skipt út leikefni. Lítið pláss fyrir starfsfólk til að geyma útifötin sín sem Skýjaborg skaffar. Hugmynd að fækka hólfum barnanna og setja hærrí snaga fyrir starfsfólkið svo fötin liggi ekki við gólfíð. Einn starfsmaður nefndi þörf á skráningum til að öll sjái hvað við erum að gera mikið. Við erum duglegar að koma í verk því sem tölum um að vilja gera.

Hugmyndir fyrir nýjan leikskóla sem komu upp í einstaka samtali:

- Væri betra að hafa ungubarnadeild þar sem 1 árs börnin geti verið sér, öðruvísi umönnunarferli og ólíkar þarfir eldri barnanna. Streituvaldandi fyrir börn og starfsfólk að hafa saman.
- Jákvætt að hafa háa stóla og borð á Dropanum fyrir starfsfólkið. Upp á líkamsbeitingu.
- Nýr leikskóli: Matsofuhugmynd skemmtileg.
- Stærri undirbúningsaðstöðu.
- Hreyfisal.
- Minni kastala fyrir 1-3 ára börn á nýja leikskólalóð.
- Hönnunarferli nýs leikskóla, þátttaka allra starfsmanna.
- Gott pláss til að þurrka listaverk í listasmiðju.

Tækifæri til úrbóta: Skoða vinnurúllur. Skoða undirbúningstíma, þjappa saman eins og mögulegt er í kringum vinnurúllur (komið). Nýta mannauðinn og skipuleggja tónlistarnám barna. Laga sprungnar rúður. Listsköpunarmenning, yfirfara og setja okkar verklagsreglur. Skoða matseðil m.t.t. unnar matvörur og fjölbreytileika. Skoða morgunmat m.t.t. hollustu tanna. Fá stafræna klukku. Efla skráningar. Skoða pláss fyrir útiföt starfsfólks.

7.3 Mat á námi og velferð barna

7.3.1 Nám og þroski barna metin

Almenn foreldraviðtöl voru nú í fyrsta sinn í þrjú ár haldin tvisvar yfir skólaárið, annars vegar í október og hins vegar í mars/apríl. Foreldrar geta einnig óskað eftir að hitta starfsfólk utan skipulagðra foreldraviðtala. Fyrir foreldraviðtöl fara fram skráningar á líðan og þroska barna í leikskólanum. En framfarir í þroska barna eru metnar með skipulögðum hætti í gegnum alla leikskólagöngu þeirra og eru niðurstöðurnar notaðar til að bæta skipulag og aðferðafræði leikskólans. Við leikskólann starfa talmeinafræðingur og sérkennari sem aðstoða við og útfæra mat á þroska barna ef um frávik er að ræða. Dæmi um tæki til að meta þroska barna eru; Hljóm-2, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil, TRAS, MIO og þroskalisti sem útbúinn hefur verið í leikskólanum til að skoða alhliða þroska barna. Í foreldraviðtölunum gefst foreldrum einnig tækifæri til að koma að skipulagi skólastarfsins.

Við athugun á þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á að skoða:

- Alhliða þroska
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttöku í leik úti og inni
- Félagsfærni og samkennd

- Frumkvæði og sköpunarkraft
- Tjáningu og samskipti

Þessir þættir eru lagðir til grundvallar í foreldraviðtölum.

Í foreldraviðtölum skólaárið 2022-2023 kom eftirfarandi fram á Regnboganum:

Í viðtölum var sest niður með foreldrum og farið yfir málþroska, hreyfiproska, félagsþroska, líðan barns og foreldra. Hvernig gengur í skipulögðum stundum, frjálsum leik og útiveru. Lundafar, sjálfsstjórn, samskipti við börn og fullorðna. Hvernig gengur með barnið heima, er leikskólinn að standast væntingar foreldra og er eitthvað sérstakt sem barnið þarf að æfa. Foreldrum gefið tækifæri að spyrja spurninga og koma með ábendingar. Allir foreldrar mættu nema með einu barni, það viðtal verður tekið seinna í sumar, tvö viðtölin fóru fram símléiðis.

Hvað höfðu foreldrar að segja: Allir foreldrar lýstu yfir ánægju með leikskólann og starfsfólk. Fannst leikskólinn fullkomlega standast væntingar þeirra. Mörgum fannst þau fá góðan og faglegan stuðning með barnið sitt. Faglegt starf, hlýjir og góðir starfsmenn. Ánægð með starfið hennar Sigurbjargar og góð eftirfylgni í öllum málum á deildinni. Sátt og finnst miklar framfarir hjá barninu sínu, góður stuðningur með reglulegum teymisfundum. Fleiri foreldrar nefndu ánægju með teymisfundina. Nokkrar fjölskyldur nefndu að starfið á deildinni væri faglegt og ótrúlega mikið gert með börnunum. Börnin alltaf að koma með eitthvað flott heim sem þau eru stolt af að hafa gert. Nokkrir nefndu gott upplýsingaflæði. Þrír nefndu að börnin sín væru svo ánægð að fá svona mikið af verkefnum. Gláðir og góðir starfsmenn. Auðvelt aðgengi að starfsfólki. Hlustað á foreldra og tekið á málum. Umhyggja fyrir börnum og foreldrum. Tvær fjölskyldur nefndu sem höfðu verið með börnin sín á öðrum leikskólum að börnin sín væru mun ánægðari í Skýjaborg og foreldrar alsælir með starfið. Skýjaborg góður leikskóli, 80% væri út af góðu starfsfólki 20% gott skipulag. Frábærar framfarir hjá sínu barni í vetur og mikið glaðari að koma. Starfsfólkið með falleg samskipti við börn og foreldra. Persónuleg þjónusta og starfsfólkið þekkir börnin vel gætu ekki verið ánægðari. Foreldrar tveggja barna sem ný voru komin yfir á Regnbogann sögðu börnin ánægð að vera komin á eldri deildina og hafa þroskast mikið. Mikið sungið og farið með þulur heima. Nokkrir foreldrar nefndu ánægju með þulurnar. Barnið mitt elskar starfsfólkið og er stundum að leika starfsfólkið heima með tilprifum. Nokkrir nefndu ánægju með tölvupósta myndir og myndbönd. Eitt foreldri vildi fá að vita hvað væri að fréttu af Elsu kanínu 😊

Ábendingar:

- Þrír foreldrar nefndu að barnið sitt vildi stundum eða aldrei koma í leikskólann, þau sögðu þó ekki upplifa að barninu sínu liði illa í leikskólanum eða við gætum gert eitthvað til að hjálpa til.
- Gæta þess að passa upp á skammta stærðir hjá börnunum að þau fái ekki að borða endalaust.
- Vantar stærra leikrými fyrir börnin.
- Ekki hlynnt jógakennslu í leikskólanum.
- Er ekki öruggt að foreldrar séu látnir vita ef barnið tekur ekki lýsi í leikskólanum.
- Þrír nefndu að þau ættu erfitt með að komast inn á Karellen.

Bára Tómasdóttir deildarstjóri, maí 2023

Í foreldraviðtölum skólaárið 2022-2023 kom eftirfarandi fram á Dropanum:

Í viðtölum var sest niður með foreldrum og farið yfir málþroska, hreyfiþroska, líðan barns og foreldra. Hvernig gengur í skipulögðum stundum, frjálsum leik og útiveru. Allir foreldrar töluðu um að það sem skipti mestu máli væri að barninu sínu liði vel í leikskólanum. Þau töluðu um hversu ánægð þau væru með starfsfólkið og þá sérstaklega þegar það væri verið að taka á móti barninu. Foreldrar sögðu að allt starfsfólkið á Dropanum væri til fyrirmyndar og mikið fagfólk í sínu starfi. Einn af stærstu kostunum hjá starfsmönnum er að þegar eitthvað bjátar á eða vel gengur þá fara samskiptin fram munnlega, upplýsingaflæðið væri til fyrirmyndar. Mikið var minnst á útiveruna og hversu yndislegt það væri hvað börnin væru mikið úti. Foreldrum, sem höfðu nýlengi aðlögun með börnum sínum, minntust á söngstundirnar og hversu gaman það væri að fylgjast með starfsfólkinu sinna börnunum.

Ábendingar:

- Tvennir foreldrar höfðu orð á því að þau hefðu ekki trú á hrósi og vildu þar af leiðandi að starfsmenn gerðu sitt besta við að hrósa ekki.
- Einnig kom ábending um að starfsfólk væri oft of fljótt að hringja í foreldra ef grunur léki á um veikindi barns.

Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir, maí 2023

Í leikskólanum á hvert barn sína ferilmöppu þar sem safnað er saman verkum, verkefnum, ljósmyndaskráningum, námsgögnum og því sem hægt er að nota við mat á þroska, námi og velferð. Börnin fá einnig að velja annað sem þau vilja e.t.v. bæta í þeirra ferilmöppur. Við lok leikskólagöngu fær hvert barn sína ferilmöppu afhenta til eignar.

Leikskólinn á fulltrúa í nemendaverndarráði þar sem málefni einstakra barna eru rædd ef um frávík í þroska, félagslegu umhverfi eða líðan er að ræða.

Sérkennari kemur í leikskólann einu sinni í viku og hjálpar til við skimun og sinnir þeim börnum sem þurfa á sérstuðningi að halda. Mestur af þeim stuðningi snýr að málörvun einstakra barna. Sérkennari sinnir einnig ráðgjöf til starfsmanna og foreldra og er skólastjóra innan handar við skipulagningu sérstuðnings. Sérkennari skilar skýrslu til skólastjóra. Þetta skólaár var tilraunaverkefni til eins árs með ráðningu leikskólasérkennara sem reyndist mjög vel, náðist að halda vel utan þau börn sem þurftu á aukastuðning og aukamálörvun að halda. Verður áframhald á því verkefni næsta skólaár.

Talmeinafræðingur kemur í leikskólann 1-2x í mánuði yfir vetrarmánuði og sinni greiningu, ráðgjöf, íhlutun og eftirfylgni. Nokkur börn hafa þurft á þjálfun að halda í vetur og hafa starfsmenn sinnt þjálfun undir handleiðslu talmeinafræðings utan þess tíma sem hann kemur í leikskólann.

Skólasálfræðingur kemur eftir þörfum í leikskólann og sinnir greiningum og ráðleggingum til foreldra og/eða starfsfólks eftir því sem við á.

Starfsfólk les deildarnámskrá sinnar deildar yfir á hverju hausti, svo allir séu meðvitaðir um þær áherslur sem eru á deildinni.

Tækifæri til úrbóta: Passa upp á skammtastærðir á mat. Fylgjast með ef börn vilja ekki lýsi og láta foreldra vita (komið). Hrós séu innihaldsrík ef þau eru notuð og nota jafnvel staðfestingu í stað hróss: „ég sé að þú klæddir þig sjálf í skóna“. Við erum með viðmið um veikindi, fara yfir þau með starfsfólki svo starfsmenn séu samstilltir.

7.3.2 Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra

16 börn, tveir elstu árgangarnir, tóku þátt í broskarlamati í febrúar 2023. Langflestum líður vel í leikskólanum. Þegar deginum er skipt niður í stundirnar sem þau fá yfir vikuna má sjá að þeim líður best í frjálsum leik. Stórum hluta líður líka vel í útiveru, en sum tóku það skýrt fram að þeim finnst skemmtilegra í útiveru í sól heldur en í rigningu. Börnin skiptast alveg til helminga hvort þeim líkar vinarstundirnar eða ekki. Þar er tækifæri til að skoða nánar. Yngri árgangurinn fer í hvíldarstund eftir hádegismat og líður langflestum vel í þeim stundum.

Helmingur barnanna finnst þau vera lengi í leikskólanum, þrjú stutt og fimm nefndu að þau væru stundum stutt og stundum lengi. Langflest börnin segja að mamma og pabbi viti ekki hvað þau geri í leikskólanum.

Flest börnin töldu upp eitthvað sem telja sig góð í. Meðal þess sem talið var upp var að lita, byggja, leika, reikna, fótbolta, spila, sundi, æfingum, fimleikum og teikna. Þau vilja vera betri í ýmsu, s.s. að lesa, vera smiður, nota hjólaskauta, sundi, fótbolta, spila, byggja, klifa.

Börnin töldu upp ýmislegt sem þeim finnst skemmtilegt í leikskólanum, leikur við vini stóð upp úr, þá oft með ákveðinn efnivið s.s. í púðunum, plúskubbum, fótbolta eða úti. Einnig nefndu nokkur að lita.

Börnin töldu upp ýmislegt sem þeim finnst ekki skemmtilegt í leikskólanum. Þrjú nefndu að fara út / út í rigningu. Eitt og eitt nefndu að bíða í vinastund, lesa, perla, syngja, þegar einhver öskrar, þegar einhver hendir bolta í augað, ekkert, allt er skemmtilegt.

Börnin töldu upp hverjir væru vinir þeirra í leikskólanum og flestir töldu upp fleiri en einn vin.

Þrjár nýjar spurningar voru í ár í broskarlamatinu. Hverju máttu ráða, hverju viltu ráða og hvernig viltu hafa leikskólann. Börnunum fannst erfitt að finna hverju þau mega ráða og einnig hverju þau vilja ráða. Tvö nefndu ég ræð sjálfu mér, eitt og eitt nefndu stundum hvað strákarnir gera úti, borða, róla í köngulóarrólnunni. Eitt og eitt nefndu að þau vilja ráða að fara í púðaherbergið, að fara í púðaherbergið, að Tedda ýti mér einu í köngulóarrólnunni, hvenær við förum út, sjálfum leikskólanum – þá ræð ég hvenær er helgarfrí í honum eða ekki.

Flest vildu hafa leikskólann eins og hann er. Eitt barn vill hafa 6 daga helgarfrí og leikskóla svo í 4 daga. Annað vill aldrei fara út, alltaf vera inni. Eitt vill hafa hann þannig að þá megi gera allt.

Til úrbóta: Unnið var með niðurstöður í vetur með starfsfólki deildarinnar.

7.4 Grænfánaverkefni

Í ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar má finna skýrslu um umhverfismennt í Skýjaborg yfir skólaárið. Skýjaborg sótt um sinn sjöunda fána nú vorið 2023 og fékk hann afhendan 1. júní 2023.

7.5 Mat á skólaárinu 2022-2023

Einn grunnskólakennari tók til starfa í september. Einn starfsmaður með B.Ed. í leikskólakennarafræðum tók til starfa í nóvember. Einn leiðbeinandi hóf störf í janúar og tveir í febrúar og hafa tveir verið hjá okkur áður. Ýmist voru þetta full störf eða hlutastörf. Tveir starfsmenn voru í

leyfi allt skólaárið. Nýr ræstitæknir var ráðin við upphaf skólaárs og annar í byrjun maí. Skipti urður á deildarstjóra Dropans um áramótin.

Skipulagsdagar voru vel nýttir í skipulagningu starfs, námskeiðahalds og fundi. Við fengum sjö skipulagsdaga, en við fengum einn auka skipulagsdag á árinu til að komast í náms- og kynnisferð erlendis. Í ágúst fékk starfsfólk skyndihjálparnámskeið. Í september fór skipulagsdagurinn okkar í þróunarverkefnið okkar, Snemmtæk íhlutun í mál og læsi. Í október var heilsdags-námskeið um vináttuverkefnið Blær. Í janúar var starfsmannafundur þar sem meðal annars var byrjuð yfirferð á stöðumati vegna innleiðingar Menntastefnu Hvalfjarðarsveitar og svo var upphafskynning á Teymisvinnu með MSHA. Í febrúar var farið í innra mat og haldnir starfsmannafundir. Í maí fór starfsfólk í náms- og kynnisferð til Wrocław í Póllandi og fóru tveir skipulagsdagar í þá ferð. Sjá má í Ársskýrslu 2022-2023 hvaða námskeið starfsfólk fór á bæði á skipulagsdögum og það sem þeir sóttu utan þeirra. Fagfundur Leik- og grunnskóla var haldin 13. apríl 2023 í Heiðarskóla og var erindi frá ADHD samtökunum sem tókst mjög vel. Í framhaldi var svo fundur fyrir foreldra.

Aðgerðaráætlun Grænfánans var endurskoðuð og fylgt eftir eins og mögulegt var og var sótt um sjöunda grænfánann í maí 2023. Deildarugl var haldið vikulega, en það datt niður í einhvern tíma vegna aðlögunar 12 mánaða barna. Söngstund var einu sinni í viku sem allir komu saman og sungu undir stjórn tónlistarkennara, allir mjög ánægðir með það fyrirkomulag.

Skólasamstarfið gekk vel og komst barnahópurinn í allar sínar heimsóknir og vettvangsferðir.

Stjórnendur höfðu umbótaáætlun 2022-2023 til hliðsjónar allt skólaárið og framkvæmdu eins og mikið og mögulegt var af þeirri áætlun. Umbótaáætlun er metin og það sem er klárt er tekið út og því sem er ekki lokið er haldið inni í næstu áætlun.

7.6 Aðrir matsþættir

Engir aðrir matsþættir voru á skólaárinu.

7.7 Samantekt

Í lok hvers kafla hafa tækifæri til umbóta verið tekin sérstaklega saman til að auðvelda gerð umbótaáætlunar. Hér á eftir er heildarmat styrkleika sett fram ásamt tækifærum til umbóta.

7.7.1 Styrkleikar

- Gagnkvæmt traust, virðing og trúnaður ríkir meðal starfsfólks.
- Tekið er á móti foreldrum og gestum með skipulögðum hætti.
- Góður andi ríkir milli barna og starfsfólks og tengsl jákvæð og góð.
- Starfsfólk setur skýrar hegðunarreglur.
- Stefna og starfsaðferðir tryggja að börn, foreldrar og starfsfólk njóti jafnréttis og virðingar.
- Starfsfólk tekur mark á og metur vitneskju og viðhorf foreldra til þroska, áhugasviðs og persónuleika barnanna að verðleikum.
- Góð samskipti starfsfólks við foreldra.
- Góð tengsl við Heiðarskóla

- Góð tengsl við menntastofnanir þegar við tökum á móti nemum.
- Starfsfólk vinnur vel saman og styður hvert annað félagslega.
- Samhentur og hugmyndaríkur starfshópur.
- Rými innan leikskólans eru vel nýtt svo börn geta unnið og leikið í minni hópum.
- Starfshópurinn dreifir kröftum sínum þannig að þekking nýtist vel.
- Starfsfólk fær tækifæri til að þróast í starfi.
- Skipulag vegna starfsviðtala og funda til að meta starfið er til staðar og í samræmi við stefnumótun sveitarfélagsins.
- Starf leikskólasérkennara.
- Góð starfsánægja og góður starfsandi.
- Vellíðan í vinnu.
- Góð samskipti við börn, samstarfsfólk og foreldra.
- Allt starfsfólk nýtur sín til fulls í núverandi stöðu.
- Gott vinnuskipulag á Regnboganum.
- Frábært að búið sé að kaupa stóran útisóp.
- Góð samskiptatafla starfsfólks.
- Góðir örfundir að morgni.
- Við erum duglegar að setjast strax niður og ræða málin ef eitthvað kemur upp.
- Ánægja foreldra með leikskólann og starfsfólk.
- Foreldrar telja góður stuðningur við barnið sitt.
- Foreldrar ánægðir með reglulega teymisfundi með þeim foreldrum/börnum sem þurfa á að halda.
- Ánægja foreldra með tölvupósta, myndir og myndbönd.
- Foreldrar telja gott upplýsingaflæði til sín.
- Foreldrar ánægðir með útiveru barnanna.
- Langflestum börnum telja þau sig líða vel í leikskólanum.
- Flest börn vilja hafa leikskólann eins og hann er.

7.7.2 Tækifæri til umbóta

- Starfsfólk ræði um að hafa opnar hurðar að morgni dags til að opna aðgengi foreldra inn á deildir, og/eða finna aðrar hugmyndir.
- Bæta upplýsingaflæði á milli deilda varðandi viðbrögð við einstaka barn með erfiða hegðun.
- Bæta miðlun upplýsinga til foreldra um markmið og námskrá leikskólans.
- Samræma svör og setja í starfsmannahandbók ef alvarleg mál eða fyrirsurnir koma frá foreldrum sem þeir hafa ekki vitneskju um eða tök á að svara: Að þeir þakki fyrir ábendinguna, ræði við deildarstjóra sem hafi svo samband í framhaldi.
- Möguleiki að fara í samstarf við aðrar stofnanir.
- Hugmynd að útbúa samskiptasáttmála til að ramma betur inn samskipti sem við viljum eiga innan Skýjaborgar.
- Setja klemmuvörn á listasmiðju Dropa.
- Passa upp á hæð hurðahúna og stærð kastala frá 1 árs við byggingu nýs leikskóla.
- Setja krækjur eða lása á hurðar inni á Dropa.
- Gefa starfsfólki tíma til að yfirfara námsgögn leikskólans og koma með hugmyndir að nýjum.
- Passa upp á að geymslupláss fyrir námsgögn verði til staðar í nýrri byggingu leikskóla.

- Bæta stefnu leikskólans og gera hana sýnilegri starfsfólki.
- Minnka starfsmannaspjall yfir börnum.
- Skýrleiki í undirbúningi.
- Skoða/ prófa að hafa opnar hurðir á deildar á morgnana þegar börnin eru að mæta?
- Skoða vinnurúllur starfsmanna.
- Nýta mannauðinn og skipuleggja tónlistarnám barna.
- Laga sprungnar rúður.
- Listsköpunarmenning, yfirfara og setja okkur verklagsreglur.
- Skoða matseðil m.t.t. unnar matvöru og fjölbreytileika.
- Skoða morgunmat m.t.t. hollustu tanna.
- Skipuleggja skipulagsdaga m.t.t. hugmynda starfsmanna að læra saman á málörvunarefnið.
- Fá stafræna klukku.
- Efla skráningar á námi barna.
- Skoða pláss fyrir útiföt starfsfólks.
- Passa upp á skammtastærðir á mat.
- Að skoða hrósmenningu starfsfólks, samstill. Hvetja til að nota staðfestingu s.s. „ég sé að þú klæddir þig sjálf í skóna“.
- Fara yfir viðmið um veikindi meðal starfsfólks og samstill.

8. Umbótaáætlun síðasta skólaárs

Liður í innra mati er að framfylgja umbótaáætlun. Hér fyrir neðan má sjá umbótaáætlun Skýjaborgar 2022-2023 ásamt mati (dálkurinn lengst til hægri). Grænu liðirnir náðist að klára, appelsínugulir eru í vinnslu og hvítu liðirnir náði ekki að vinna. Hvítu og appelsínugulu liðirnir fara áfram í Umbótaáætlun 2022-2023.

Umbótaáætlun 2022-2023						
Matsþáttur	Tækifæri til umbóta	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Mataræði	Leikskólinn bjóði upp á hollan og góðan mat	Foreldrakönnun, spyrja eftirfarandi spurninga: Ef þú hugsar um mataræði sem barnið þitt fær í leikskólanum, er eitthvað sérstaklega gott eða er eitthvað sem má betur fara?	Leikskólastjóri	apríl 2022	júní 2022	Átti foreldrakönnun sér stað? Hver var niðurstaðan? Hvernig bregðumst við við?
	Leikskólinn bjóði upp á fjölbreytta fæðu	Foreldrakönnun, spyrja eftirfarandi spurninga: Ef þú hugsar um mataræði sem barnið þitt fær í leikskólanum, sérðu fyrir þér að hægt sé að bjóða upp á fjölbreyttari fæðu? Ef svo er, með hvaða hætti?	Leikskólastjóri	apríl 2022	júní 2022	Átti foreldrakönnun sér stað? Hver var niðurstaðan? Hvernig bregðumst við við?
	Skoða mataræði í Skýjaborg m.t.t. hollustu.	Skoða það sem er gert frá grunni vs. það sem er keypt unnið og skoða: Er þörf á að minnka unna matvöru? Er þörf á að upplýsa foreldra á matseðli t.d. þegar bollur o.fl. er heimagert sem foreldrar gætu flokkað sem unna aðkeypta matvöru? Grænmetisúrval er alltaf reglulega til umræðu og höldum við því áfram. Skoða þörf á aðkomu næringarfræðings.	Leikskólastjóri	September 2022	maí 2023	Hvað var gert? Þurfti að breyta einhverju?
Húsnæði og aðstaða	Bjóða upp á gott húsnæði og aðstöðu í leikskólanum	Foreldrakönnun, spyrja eftirfarandi spurninga: Ef þú hugsar um húsnæði og aðstöðu í leikskólanum, er eitthvað sérstaklega gott eða eitthvað sem má betur fara?	Leikskólastjóri	apríl 2022	júní 2022	Átti foreldrakönnun sér stað? Hver var niðurstaðan? Hvernig bregðumst við við?
	Að leikskólinn bjóði upp á góða starfsmannaaðstöðu.	Ýta á auka-húsnæðið + nýtt leikskólahúsnæði sbr. tillaga í Skýrslu um Framtíðarsýn í leikskólumálum.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Hvað var ákveðið og gert?
	Að starfsfólk búi við góð loftgæði í vinnunni.	Skoða loftæstimál í fataherbergi Dropa.	Leikskólastjóri	júní 2022	desember 2022	Hvað var gert?
	Koma niðurstöðum foreldra á húsnæði og aðstöðu til Fræðslunefndar og sveitarstjórnar	Senda fræðslunefnd og sveitarstjórn erindi með niðurstöðum auka-foreldrakönnunar á húsnæði og aðstöðu.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	ágúst 2022	Fékk fræðslunefnd og sveitarstjórn erindi?
Námsumhverfi	Fræða starfsfólk um félagsleg samskipti í leikskólanum og hvernig við aðstöðum börnin við að bæta sín félagslegu samskipti	Á skipulagsdegi. Fara yfir með starfsfólki hvernig við kennum börnum að læra að bera virðingu fyrir sér og öðrum og hvernig við aðstöðum börn í félagsfærni í gegnum leik og daglegt starf. Möguleg aðstoð hér frá Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	desember 2022	Á hvaða skipulagsdegi var efnið tekið fyrir?
		Skoða vinasambönd með starfsfólki og foreldrum og aðstöða þau börn sem þurfa á að halda að mynda vinasambönd.	Deildarstjórar	apríl 2022	apríl 2023	Rætt um vinasambönd í foreldravíðtölum? Efnið tekið fyrir á deildarfundi?
	Spjaldtölvur notaðar eingöngu til náms- og kennslumiðaðra verkefna	Setja í starfsreglur í starfsmannahandbók. Horft er á teiknimyndir í algjörum undantekningartilfellum, s.s. þegar mikil mannekla er, við hefð leikskólans (t.d. á Öskudegi) eða til fræðslu sem nota á í hópastarfi. Deildarstjórar eða leikskólastjóri í fjarveru þeirra gefi leyfi.	Leikskólastjóri / deildarstjórar	apríl 2022	ágúst 2022	Er búið að uppfæra starfsmannahandbók og upplýsa starfsfólk um reglur?

	Bjóða upp á öflugt útinám í fjölbreyttu umhverfi	Starfsfólk deilda setji sér markmið um útinám út fyrir skólalóðina, skriflega, s.s. í fundargerð deilda.	Deildarstjórar	ágúst 2022	október 2022	Hver eru markmið deildanna með útikennslu skólalóð 2022-2023? Hvernig gekk að framfylgja markmiðunum?	Rætt á deildarstjórafundi 29.9.2022. Aga, Bára og Eyrún í áframhaldandi vinnu. Vinnu ekki lokið. Skoða samhlöða yfirllesturs og uppfærslu á deildarnámskrám nú í sumar.
Heimasíðan	Bjóða upp á gagnlega og aðgengilega heimasíðu.	Foreldrakönnun, spyrja eftirfarandi spurninga: Ef þú skoðar heimasíðu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Hvaða upplýsingar viltu sjá en finnur ekki á heimasíðunni? Hvað er gott og hvað má betur fara á heimasíðu skólans?	Leikskólastjóri	apríl 2022	júní 2022	Átti foreldrakönnun sér stað? Hver var niðurstaðan? Hvernig bregðumst við við?	Foreldrakönnun lögð fyrir í maí 2022. Niðurstöður teknar inn í þessa umbótaáætlun.
		Út frá könnun: Vinna að því að gera nýja hluti á síðunni sýnilega / betur aðgengilega. Skoða tengingu við facebook like síðu.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Hvað hefur verið gert?	Ekki er hægt að tengja heimasíðuna við facebook síðu. Við þurfum að setja fréttirnar inn á facebook þegar þær eru komnar inn á heimasíðuna, Eyrún setur í sína verkferla.
Upphaf leikskólagöngu	Að leikskólaganga hefjist sem best fyrir börn og foreldra	Ítreka að einn starfsmaður á deildinni verði lykilaðili fyrir barnið og foreldra þess í aðlögunarferlinu.	Leikskólastjóri / deildarstjórar	apríl 2022	Viðvarandi	Er lykilaðili fyrir hvert barn í aðlögunarferlinu?	Deildarstjórar minntir á í ágúst 2022 fyrir aðlögun.
		Passa upp á að fyrsta foreldrasamtal við leikskólastjóra haldist inni.	Leikskólastjóri	apríl 2022	Viðvarandi	Er öllum foreldrum boðið upp á fyrsta foreldrasamtal við leikskólastjóra í aðlögunarviku?	Leikskólastjóri meðvitaður um að bjóða upp fyrsta foreldrasamtal í aðlögunarviku.
Foreldrar	Foreldrar geti gengið að sömu upplýsingum alla daga í appinu.	Starfsfólk skrái alla daga sömu upplýsingar inn í appið.	Deildarstjórar	apríl 2022	Viðvarandi	Hvað á starfsfólk hvorrar deildar fyrir sig að skrá inn í karellen appið? Hvenær eru ekki allar upplýsingar skráðar?	Umræða tekin í maí/júní. Framhald: Ræða við nýja starfsmenn.
	Að halda uppi góðu foreldrastarfi.	Að fjölga foreldraviðtölum í tvö aftur og teymisfundum eftir þörfum.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	júní 2022	maí 2023	Hefur foreldraviðtölum fjölgað? Er utanumhald um reglulega teymisfundum einstakra barna?	Ákvörðun tekin í maí/júní að fjölga foreldraviðtölum aftur í tvö á ári. Eyrún hefur yfirlit yfir teymisfundum eins og er. Fer yfir barnahópin á deildarstjórafundum.
	Upplýsa foreldra um mataræði	Til foreldra, t.d. í Foreldrahandbók Skýjaborgar: Horft er í hvert og eitt barn, ef barn borðar ekki ákveðin fæðuflokk eins og t.d. fisk þarf að taka umræðu við starfsfólkið og finna leiðir. Eins ef foreldrar óska eftir að barnið fái vegan afurðir þá tökum við umræðuna með foreldrum.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	desember 2022	Eru foreldrar upplýstir? Var sett í handbókina eða farið aðra leið?	Betur skýrt í foreldrahandbók. Lagt fyrir á deildarstjórafundi.
	Samtal um lýsi milli heimilis og skóla	Að samtal sé á milli leikskóla og heimilis hvort barnið taki lýsi í leikskólanum.	Deildarstjórar	ágúst 2022	október 2022	Hefur samtal verið tekið?	Tekið fyrir á deildarstjórafundi 19.9.2022. Deildarstjórar tóku umræðu við foreldra og nefndu á foreldra-kyrningarfundum 20. og 21. sept. 2022.
	Að upplýsa karellen um niðurstöður foreldrakönnunar	Upplýsa karellen um sambandsleysi og ath. hvort starfsfólk þar hefur svör. Senda hugmyndir um hægðar-hnapp til karellen.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	ágúst 2022	Var tilkynning send á Karellen? Eitthvað í framhaldi?	Tilkynning var send á karellen 25.8.2022 og svar samdægurs. Foreldrar voru strax upplýstir um svörin með pósti 26.8.2022. Ef foreldrar lenda í sambandsleysi hafa sumir ekki uppfært og aðrir þurft að henda út appinu og setja aftur inn. Hægðarhnappur hefur verið í umræðunni hjá karellen, en starfsfólki finnst mörgu hverju vera nóg af skráningum til staðar. Ef varðar eitt og eitt barn og nota þá skilaboðin.
	Að nýta Karellen kerfið sem best fyrir foreldra	Setja myndir inn oftast fyrir foreldra; góð skráning og góður umræðugrundvöllur milli foreldra og barna. Upplýsa foreldra um að myndirnar eru í kerfinu þó að þær detti út úr appinu.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	ágúst 2022	Voru foreldrar upplýstir? Var möguleiki að setja myndir í karellen oftast fyrir foreldra? Hvernig var það útfært?	Foreldrar voru upplýstir með tölvupósti 25.8.2022. Starfsfólk tók umræðuna um myndir á skipulagsdaginn 15. ágúst 2022 og var sammála um að reyna að setja inn myndir oftast til að foreldrar gætu haft samræðugrundvöll við börnin sín.

	Að allir foreldrar komist á foreldrakaffi og aðra viðburði sem leikskólinn heldur.	Skoða foreldrakaffi í lok dags. Þessi umræða hefur verið tekin í starfsmannahópnum af og til, þegar foreldrar eru væntanlegir í lok dags eru mörg börn spennit allan daginn. Börn hefja daginn á milli 7:30 og 9:00. Í lok dags er dvalartími hjá sumum börnum til 14:00 og öðrum 16:30, breiður tími og því óvissa með á hvaða tíma best væri að foreldrakaffi væri þannig að það henti sem flestum.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Var umræða tekin? Voru báðar leiðir prófaðar?	Umræða tekin fyrir á deildarstjórufundi 26.9.2022. Ákveðið var að prófa að bjóða upp á áðventukaffið í lok dags, en hafa konu- og karlakaftin eftir áramót að morgni til. Skoða nánar í vor hvernig tókst til.
Starfsmenn	Að starfsfólk vinni sem heild að góðum samskiptum við börnin og milli barna.	Starfsfólk ræða samskipti við börnin, hvernig viljum við sem leikskóli í heild vinna.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2022	maí 2023	Hvenær átti umræðan sér stað? Hvað var sett niður á blað? Og hvar er það skrifað?	Tengist vel þróunarverkefninu okkar Snemmtæk íhlutun í mál og læsi. Settir upp málörvunarhópar fyrir öll börnin í leikskólanum. Farið yfir og lögð áhersla á mikilvæg boðskipti = Bínureglurnar/spjöld á hálsbandi.
	Að starfsfólk fái þá símenntun sem það hefur þörf á.	Skoða þörf á fleiri skipulagsdögum eða starfsmannafundum. Nýta og ýta að starfsfólk sækir námskeið; skoða með aðkomu Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Hver er þörfin? Sötti starfsfólk fleiri námskeið í vetur?	Við fengum auka-skipulagsdag á þessu ári til að komast í Náms- og kynnisferð til Wrocław. Var það nauðsynleg bót. Leikskólastjóri áframsendir allar námskeiðs-hugmyndir sem hann fær í pósti. Ekki var mikið um að starfsfólk sótt sér námskeið eitt og eitt.
	Að starfsfólk sé ánægð með gæði vinnunnar sem það vinnur.	Í starfsmannasamtali í haust (1. samtali - styrkleikar og hæfileikar) ræða um gæði vinnunnar. Fá aðstoð frá Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	október 2022	Var rætt? Allir ánægðir með gæði vinnunnar? Hvar getum við bætt okkur?	Útbúin var aukaspurning með fyrsta starfsmannasamtali haustsins þar sem spurt var um gæði vinnunnar í dag og hvernig við getum bætt okkur ef þörf er á. Svörin komu mun betur út heldur en í skólupólsinum. en hafa skal í huga að auðvitað eru spurningarnar ekki lagðar eins fram og sjáum við einnig vonandi betri niðurstöður á milli kannanna Skólupólsins frá 2022 til 2024.
	Að starfsfólk telji vinnustaðinn sinn góðan.	Hópefli. Auka samstöðu starfsmannahópsins með samvinnu og samtali. Vinna með Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2022	desember 2022	Hvað var gert í sambandi við hópefli? Hefur aukið samtali átt sér stað um vinnuna?	Byrjað var í haust að reyna að auka hópefli, virk skemmtinefnd tók til starfa. Um áramót hófst vinna með MSHA um teymisvinnu og þar er mikið unnið með traust samstarfsfólks.
	Að starfsfólk fái endurgjöf og hvatningu í starfi.	Allir starfsmenn hvetji samstarfsmenn sína í vinnu / séu góðir vinnufélagar. Að stjórnendur gefi starfsfólki endurgjöf í starfi í starfsmannasamtölum og á öðrum tímum ef það hentar.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2022	maí 2023	Fékk starfsfólk endurgjöf / hvatningu?	Já.
	Að viðbragðsáætlun v. forfalla starfsmanna sé virk.	Fara eftir viðbragðsáætlun v. forfalla starfsmanna (hefur verið gert, en er flóknara í framkvæmd við 7 stunda vinnudag - skoða það)	Leikskólastjóri	júní 2022	maí 2023	Hefur þurft að bregðast við og nota viðbragðsáætlun? Var einhvern tímann sem hún var ekki virkjuð en þörf var á?	Viðbragðsáætlun var ekki virkjuð á þessu skólaári á þeim forsendum að senda þurfti börn heim. Sendur var póstur á foreldra ef einhverjir gætu brugðist við og haldið barninu sína heima eða stýtt leikskóladaginn 8. og 9. desember. Það hjálpaði gífurlega og margir sem gátu brugðist við. Við þurftum að loka leikskólanum kl. 15:45 13. desember vegna manneklu.
	Að starfsfólk finni að stjórnendum sé annt um þeirra heilsufar og velferð.	Stjórnendur ýti undir góða heilsu starfsmanna. Stjórnendur sýni umhyggju við veikindi. Stjórnendur passi upp á og fylgi eftir viðbragðsáætlun vegna forfalla starfsmanna gerist þörf.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2022	maí 2023	Hvað var gert?	Stjórnendur tóku þessar ábendingar til sín og hafa bætt sig. Stjórnendur hafa passað upp á fjölda barna miðað við starfsfólk í húsi, fengið inn afleysingu ef þörf er á.
	Að gott samstarf sé á milli deilda	Reglulegir deildarstjórufundir. Aukin samvinna á milli deilda.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2022	maí 2023	Hvaða breytingar urðu?	Aga fór af stað með starfsþróunarverkefni um samvinnu á milli deilda sem verkefni í skólanum sínum haustið 2022. Góð breyting. Aukið samtali. Reglulegir deildarstjórufundir.
	Að starfsmenn hafi aðgang að ráðgjöf sérfræðinga utan veggja leikskólans.	Athuga þörf starfsfólks hvar þörf fyrir ráðgjöf liggur og finna út hver getur veitt hana. Vinna með Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	janúar 2023	Hvaða leiðir er hægt að fara?	Sálfræðingur, talmeinafræðingur, MSHA teymisvinna þar sem leiðtogar hafa aðgang að sérfræðingi þar. Gott aðgengi að leikskólastjóra og deildarstjórurum.
	Að skýrt utanumhald sé við börn með sérþarfir.	Ráðning leikskólasérkennara eða sérkennslustjóra	Leikskólastjóri	júní 2022	desember 2022	Hvaða leið var farin? Hvernig er utanumhaldið?	Ráðning leikskólasérkennara frá ágúst 2022. Ágúst: Verið að móta starfið. Gott að gera aftur mat í mál.

Uppeldi og menntun	Að starfsfólk fái nægar upplýsingar og úrræði vegna barna með sérþarfir.	Setja fram skýran ramma hvernig unnið er þegar áhyggjur vakna af þroska/hegðun barna (í þróunarverkefninu okkar Snemmtæk ihlutun - mál og læsi). Skýrara utenumhald: Ráðning leikskólaserkennara eða sérkennslustjóra.	Leikskólastjóri	júní 2022	desember 2022	Rammí klár í þróunarverkefninu? Hvaða leið var farin við ráðningu?	Ráðningu lokið. Unnið eftir Handbók Skýjaborgar: Leikur, mál og læsi sem gefin var út í janúar 2023.
	Að börnum séu kenndar hreinlætisvenjur.	Venja börn á að þvo sér eftir salernisferðir og fyrir matartíma.	Allir starfsmenn	júní 2022	október 2022	Allir starfsmenn upplýstir um þetta?	Var tekið fyrir á deildarstjórafundir 22.8.2022, rætt í starfmannahópnum í framhaldi. Allir sammála um að börn eigi að þvo sér eftir salernisferðir og fyrir matartíma (eftir útiveru).
	Að gott upplýsingaflæði ríki.	Skoða hvar þarf að bæta upplýsingaflæði og bæta það.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2022	desember 2022	Hvað var gert?	Starfsfólk óskaði eftir að endurvekjja töflu á kaffistofu og var það framkvæmt í byrjun okt 2022.
	Ýta undir sjálfstæði við matarborðið á Regnboganum.	Starfsfólk meðvitað um að ýta undir sjálfstæði við matarborðið á Regnboganum.	Deildarstjóri	júní 2022	október 2022	Hver er stefnan?	Þessi umræða fór strax af stað í ágúst 2022. Mikið aukið sjálfstæði. Meðal annars var bætt við litlum vatnskönnum á borðin þannig að börnin gætu helt sjálf í glasið sitt.
	Skoða markmið okkar varðandi dót/leikföng inni á deild.	Að uppfæra stefnu leikskólans varðandi dót/leikföng í leikskólanum.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Er komin uppfærð stefna?	Ekki náðist tími til að vinna þetta.
	Nýta blöð betur.	Átak inni á deildum í að nýta blöð betur og gera börnin betur meðvituð um þörf þess að fara sparlega með pappír.	Deildarstjórar	ágúst 2022	maí 2023	Hvernig gengur með nýtingu blaða?	Átak fór af stað í september í að nýta blöð betur. Miðvikudagar má bara nýta blöð úr endurnýtanlega bókunum, ekki ný blöð.
	Skoða hvað við gerum á eftirfarandi dögum og hvort við viljum bæta einhverju við: Dagur umhverfisins, Dagur leikskólans, Dagur ísl. Tungu/ Lubba afmæli	Fyrir dagana: Fara yfir með deildarstjórum / starfsfólki deilda, hvað er áætlað að gera og hvort starfsfólk vilji gera meira úr deiginum.	Leikskólastjóri / deildarstjórar	ágúst 2022	maí 2023	Fór umræða fram?	Hver dagur er ræddur fyrirfram á deildarstjórafundum og deildarfundum ef við á / möguleiki er á.
	Skoða tónlistarnám.	Að öll börn fái notið tónlistar í leikskólanum samkvæmt aðalnámskrá og skólanámskrá. Að starfskraftur innanhúss sé nýttur þar sem styrkleikar starfsmanna liggja.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	maí 2023	Var gerð breyting á tónlistarnámi?	Í september útbjó Aga möppur á samskrá fyrir starfsfólk með lögum og textum tengt þemavinnu mánaðarins. Þannig hver og einn starfsmaður hefur aðgang að texta og lagi í íþad. Starfsmaður á Regnboga tók að sér tónlistarstundir.
	Rífa upp verkferla og vinnubrögð að hausti með starfsfólki.	Á skipulagsdegi: rífa upp verkferla og vinnubrögð að hausti með starfsfólki.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	desember 2022	Var farið yfir verkferla og vinnubrögð?	Farið yfir á ágústfundi.
	Að sinnt sé viðhaldi og viðgerðum sem þarf að sinna.	Að viðgerðir og viðhald dragist ekki á langinn. Starfsfólk þarf þó að vita að minniháttar málum er safnað saman ef það má biða.	Leikskólastjóri	júní 2022	maí 2023	Hefur viðhald og viðgerðir dregist mikið á langinn?	Leikskólastjóri skráir strax hjá sér viðhaldsþörf sem kemur upp og hefur samband við verkefnastjóra framkvæmda og eigna.
	Hafa net yfir sandkassanum Dropamegin. Oft finnst kattaskitur.	Fá net yfir sandkassann Dropamegin.	Leikskólastjóri	júní 2022	maí 2023	Er komið net?	Á viðhaldsþörf fyrir 2023. Ekki komið.
	Bæta við skóhillum á Regnboganum.	Skoða hvar hægt sé að bæta við skóhillu og finna hillur sem henta.	Leikskólastjóri	júní 2022	maí 2023	Eru komnar fleiri skóhillur?	Eignarsjóður sér um viðhald og endurnýja skóhillur í skólum. Plássleysi. Passa upp á nógu stórar skóhillur í nýjum leikskóla.
	Fá snaga á útiklósett fyrir starfsmannaföt.	Fá og setja upp snaga á útiklósett fyrir starfsmannaföt.	Leikskólastjóri	júní 2022	október 2022	Eru komnir upp snagar?	Mál kannað. Ekki má setja snaga inn á klósettið.

Viðhald	Bjóða upp á örugg leikskilyrði á skólalóð	Laga rólur	Leikskólastjóri / Verkefnastjóri framkvæmda og eigna	apríl 2022	ágúst 2022	Er búið að laga rólur?	Settar voru nýjar rólur vor 2022.
		Laga grindverk.	Leikskólastjóri / Verkefnastjóri framkvæmda og eigna	apríl 2022	ágúst 2022	Er búið að laga grindverk?	Settar voru þökur undir grindverkið. Grindverkið sjálft er ekki bilað, en bil hafði myndast undir því. Á viðhaldsþarfallista 2023 er að lagfæra grindverk og gangstéttina meðfram sem hefur sigið og brotnað.
	Bæta við hreyfisal	Við byggingu eða lagfæringu leikskólahúsnæðis: Bæta við hreyfisal.	Leikskólastjóri / Verkefnastjóri framkvæmda og eigna	apríl 2022	?	Samkvæmt lögum á að vera hreyfisalur við byggingu nýs leikskóla eða við meiriháttar breytingar á núverandi byggingu leikskóla. Svo ekki þörf á mati.	Það verður í nýju leikskólahúsnæði, samkvæmt lögum.
Vinnustaðurinn	Að einelti þrífist ekki innan veggja leikskólans.	Vinna að góðum samskiptum milli allra. Regluleg samtöl við leikskólastjóra og deildarstjóra. Vinna með Miðstöð Skólaþróunar.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2022	maí 2023	Hvað var gert í vetur?	Í janúar hófst formlega verkefnið Teymisvinna með MSHA. Þar var fyrsta verkefnið að byggja upp traust innan hvers teymis. Regluleg samtöl leikskólastjóra og deildarstjóra. Regluleg starfsmannasamtöl þar sem komið er inn á liðan.
	Endurskoða föstudagskaffið.	Að kaffitímar starfsfólks séu þannig skipulagðir að þeir henti starfsfólki og börnum vel.	Leikskólastjóri / deildarstjórar	ágúst 2022	desember 2022	Var umræða tekin við starfsfólk. Var gerð einhver breyting?	Tekin var umræða á ágúst-skipulagsdegi. Starfsfólk vill ekki missa kaffið, ætla að vinna saman með bættu samtali. Styttu kaffið og fella niður ef manneka er í húsi.
Úr fyrri umbótaáætlun sem ekki náðist að framkvæma eða þörf á áframhaldandi vinnu:							
Stjórnun - starfsmenn	Samvinna á milli deilda, aukið flæði barna, starfsfólks og efniviðs.	Við höfum verið að bæta flæði á milli deilda ár frá ári. Áframhaldandi samvinna í samstarfi við deildarstjóra og starfsfólk. Hvar viljum við efla okkur?	Leikskólastjóri og deildarstjórar	ágúst 2021	maí 2023	Hvað var gert?	Aga fór af stað með starfsþróunarverkefni um samvinnu á milli deilda sem verkefni í skólanum sínum haustið 2022.
	Bæta flokkun í undirbúningsherbergi.	Flokkun komin vel á veg. Áframhaldandi vinna. + í tengslum við flokkun v. þróunarverkefnis.	Leikskólakennarar	ágúst 2021	maí 2023	Hvernig er flokkun í undirbúningsherbergi?	Er í góðum farvegi.
	Skoða áhuga að vinna verkefni þvert á deildir og aldurshópa.	Taka umræðu með deildarstjórum á áhuga á verkefni/ þvert á deildir og aldurshópa	Leikskólastjóri	ágúst 2021	maí 2023	Var umræðan tekin? Hver var niðurstaðan? Ef farið var í verkefni, hvernig gekk það?	Það var prófað á vorönn í tengslum við skólaverkefni Ögu. Gekk ágætlega, en bjó til stress hjá starfsfólki þar sem verkefnið var á sama tíma og aðlögun nýrra barna á Dropann stóð yfir.
	Áframhaldandi vinna með útielhdús.	Festa þarf útielhdús. Smíða meira. Fá sand og mold. Hvernig ætlum við að verjast því að fá kattaskít í sandinn/moldina? Hvernig getum við sett upp þannig að hægt sé að skipta um sand/mold árlega, líkt og í sandkössunum?	Leikskólastjóri / deildarstjórar	ágúst 2021	maí 2023	Hvað hefur verið gert?	Sand og mold kom í september 2022 ásamt litlum kössum undir það. Í september komu einnig nokkur bretti sem Tedda skrúfaði saman og útbúinn var eldhúskrókur. Mikil ánægja með þetta skemmtilega útsvæði.
	Endurmat deildarstjóra til starfsmanna.	Deildarstjórar setja upp verklag um þrjú stutt starfsmannasamtöl á milli starfsmanna og deildarstjóra.	deildarstjórar	ágúst 2021	Sep.22	Er verklag komið skýrt á blað og í framkvæmd?	Deildarstjórar skoðuðu og settu upp tvö samtöl. Setja í verklag fyrir starfsmannasamtöl 2023-2024.
	Skoða Kaup á nýrri kaffikönnu.	Finna góða kaffivél. Setja á fjárhagsáætlun 2022. Kaupa vél 2022.	Leikskólastjóri	Sep.21	desember 2022	Komin ný vél?	Vél keypt um miðjan júní 2023.
Viðhald	Skoða kaup á nýjum húsgögnum: borðum, stólum og kennarastólum. Í ferli.	Finna góða kennarastóla inn á deild á fjárhagsáætlun 2022. Önnur endurnýjun?	Leikskólastjóri	Sep.21	desember 2022	Kennarastólar keyptir? Eða var annað ákveðið í samstarfi við starfsfólk?	Sendar voru fyrirspurnir til fyrirtækja í lok september. Farið yfir á deildarstjórafundum 10.10.2022 og ákveðið að kaupa ekki nýja kennarastóla.
	Skoða vilja þess að fá ísskáp og örbýlgjuofn inn á kaffistofu.	Taka umræðu með starfsfólki. Starfsfólk hefur aðgang að ísskáp og örbýlgjuofni. Viljum við fá tæki inn á kaffistofuna sem er lítil fyrir? Skoða í tengslum við ákvörðun sveitastjórnar um Framtíðarsýn í leikskólamálum.	Leikskólastjóri	Sep.21	maí 2023	Niðurstaða umræðu? Hvaða ákvörðun var tekin?	Nýtt leikskólahúsnæði á leiðinni eftir 4-5 ár. Starfsmenn hafa aðgang að þessu frammi í eldhúsi sem er nálægt, látum það nægja fram að nýju leikskólahúsnæði.
	Þrifa gervigrasið.	Hentugast er að blása gervigrasið (samkvæmt seljendum). Fá aðila í það eða fá blásara þegar allt er þurr úti.	Leikskólastjóri	Maí 2021	maí 2023	Er búið að þrifa gervigrasið? Viðvarandi verkefni.	Keypt var sópvél í apríl 2023. Hvernig virkar hún á gervigrasið?

9. Umbótaáætlun 2023-2024

Út frá niðurstöðum hér að framan er sett upp umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Umbótaáætlun 2023-2024						
Matspáttur	Tækifæri til umbóta	Tillögur skóla að umbótum	Ábyrgðaraðili	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Hvernig metið
Mataræði	Skoða matseðil m.t.t. unnar matvöru og fjölbreytileika.	Fá aðkomu næringarfræðings að skoða matseðil m.t.t. unnar matvöru og fjölbreytileika.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	Janúar 2024	Höfum við fengið næringarfræðing til aðstoðar eða uppfært matseðil á annan hátt?
	Skoða morgunmat m.t.t. hollustu tanna.	Fá aðkomu næringarfræðings að skoða matseðil m.t.t. unna matvöru og fjölbreytileika.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	Janúar 2024	Höfum við fengið næringarfræðing til aðstoðar eða uppfært matseðil á annan hátt?
	Passa upp á skammtastærðir á mat.	Starfsfólk ræði og samræmi skammtastærðir á mat til barna.	Deildarstjórar	Ágúst 2023	Október 2023	Hefur samtalið átt sér og starfsfólk sett sér viðmið?
Námsumhverfi	Gefa starfsfólki tíma til að yfirfara námsgögn leikskólans og koma með hugmyndir að nýjum.	Á skipulagsdegi: Fara yfir námsgögn leikskólans og læra á það saman. Koma með hugmyndir ef starfsfólki finnst eitthvað vanta.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	Janúar 2024	Hefur starfsfólk farið yfir námsgögn saman?
Starfsmenn	Starfsfólk ræði um að hafa opnar hurðar að morgni dags til að opna aðgengi foreldra inn á deildir, og/eða finna aðrar hugmyndir.	Starfsfólk ræði um að hafa opnar hurðar að morgni dags til að opna aðgengi foreldra inn á deildir, og/eða finna aðrar hugmyndir.	Deildarstjórar	Ágúst 2023	September, 2023	Hefur samtalið átt sér stað? Hvað var ákveðið?
	Bæta upplýsingaflæði á milli deilda varðandi viðbrögð við einstaka barn með erfiða hegðun.	Bæta upplýsingaflæði á milli deilda varðandi viðbrögð við einstaka barn með erfiða hegðun.	Deildarstjórar og leikskólasérkennarar	Ágúst 2023	September, 2023	Deildarstjórar og leikskólasérkennari setji sér verkferla varðandi upplýsingaflæði.
	Bæta mætti miðlun upplýsinga til foreldra um markmið og námskrá leikskólans.	Eftir yfirferð á námskrá: Upplýsa foreldra vel. Ávallt er farið yfir markmið að hausti á kynningarfundum sem deildarstjórar halda.	Leikskólastjóri	September, 2023	Júlí 2024	Komin uppfærð stefna í skólanámskrá? Foreldrar upplýstir? Hvernig?
	Samræma svör og setja í starfsmannahandbók ef alvarleg mál eða fyrirspurnir koma frá foreldrum sem starfsmenn hafa ekki vitneskju um eða tók á að svara: Að þeir þakki fyrir ábendinguna, ræði við deildarstjóra sem hafi svo samband í framhaldi.	Samræma svör og setja í starfsmannahandbók ef alvarleg mál eða fyrirspurnir koma frá foreldrum sem starfsmenn hafa ekki vitneskju um eða tók á að svara: Að þeir þakki fyrir ábendinguna, ræði við deildarstjóra sem hafi svo samband í framhaldi.	Leikskólastjóri	Júní 2023	September, 2023	Búið að fara yfir á skipulagsdegi? Komið í starfsmannahandbók?
	Hugmynd að útbúa samskiptasáttmála til að ramma betur inn samskipti sem við viljum eiga innan Skýjaborgar.	Útbúa samskiptasáttmála meðal starfsfólks.	Leikskólastjóri	September, 2023	Janúar 2024	Hefur starfsfólk sett sér samskiptasáttmála?
	Skýrleiki í undirbúningi, hvað er gert / hvað getum við gert?	Starfsfólk ræði um verkefni sín í undirbúningi, viljum við skrá það hjá okkur? Þurfa leiðbeinendur aðstoð kennara með sín verkefni?	Deildarstjórar	September, 2023	Janúar 2024	Hefur samtalið átt sér stað? Hvað var ákveðið?
	Námskeið í tölvuvinnu fyrir þá sem vilja.	Starfsfólk finni sér námskeið sem hentar þeim til að læra betur inn á tölvur. Leikskólastjóri sendi starfsfólki hugmyndir af námskeiðum.	Leikskólastjóri, starfsmenn	Ágúst 2023	Maí 2024	Fundust einhver námskeið? Fór einhver á námskeið?

	Nýta mannauðinn og skipuleggja tónlistarnám barna.	Skipuleggjum tónlist í Skýjaborg og nýtum mannauðinn.	Deildarstjórar	Ágúst 2023	Október 2023	Er tilbúið plan um tónlistarnám?
	Fara yfir viðmið um veikindi meðal starfsfólks og samstillta.	Fara yfir viðmið um veikindi meðal starfsfólks og samstillta.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	September, 2023	Hefur samtalið átt sér stað?
Uppeldi og menntun	Bæta stefnu leikskólans og gera hana sýnilegri starfsfólki.	Fara yfir og uppfæra stefnu leikskólans inn í skólanámskrá.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	Maí 2024	Hefur stefnan verið uppfærð?
	Listsköpunarmenning, yfirfara og setja okkar verklagsreglur.	Að starfsfólk fari saman yfir hvernig við viljum hafa listsköpunarmenningu í leikskólanum og setja okkur verklagsreglur.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	Október 2023	Hefur samtalið átt sér stað? Hvað var ákveðið?
	Fá stafræna klukku.	Fá stafræna klukku.	Leikskólastjóri	Júní 2023	September, 2023	Er komin stafræn klukka?
	Efla skráningar á námi barna.	Setja okkur verklagsreglur í kringum skráningar á námi barna og byrja að vinna eftir þeim.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Ágúst 2023	Janúar 2024	Eru komnar verklagsreglur?
	Að skoða hrósmenningu starfsfólks, samstillta. Hvetja til að nota staðfestingu s.s. „ég sé að þú klæddir þig sjálf í skóna“.	Að skoða hrósmenningu starfsfólks, samstillta. Hvetja til að nota staðfestingu s.s. „ég sé að þú klæddir þig sjálf í skóna“.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	Október 2023	Hefur samtalið átt sér stað? Hvað var ákveðið?
Viðhald	Setja klemmuvörn á listasmiðju Dropa.	Setja klemmuvörn á listasmiðju Dropa.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	Maí 2024	Komin klemmuvörn?
	Setja krækjur eða lása á hurðar inni á Dropa.	Setja krækjur eða lása á hurðar inni á Dropa.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	Maí 2024	Komnar krækjur eða lásar?
	Laga sprungnar rúður.	Laga sprungnar rúður.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	Júlí 2024	Er búið að skipta út sprungnum rúðum?
	Skoða pláss fyrir útiföt starfsfólks.	Skoða pláss fyrir útiföt starfsfólks.	Leikskólastjóri	Ágúst 2023	Júlí 2024	Hvað var ákveðið að gera?
Úr fyrri umbótaáætlun sem ekki náðist að framkvæma eða þörf á áframhaldandi vinnu:						
Mataræði	Skoða mataræði í Skýjaborg m.t.t. hollustu.	Ekki náðist tími á síðasta skólaári. Skoða það sem er gert frá grunni vs. það sem er keypt unnið og skoða: Er þörf á að minnka unna matvöru? Er þörf á að upplýsa foreldra á matseðli t.d. þegar bollur o.fl. er heimager sem foreldrar gætu flokkað sem unna aðkeypta matvöru? Grænmetisúrval er alltaf reglulega til umræðu og höldum við því áfram. Skoða þörf á aðkomu næringarfræðings.	Leikskólastjóri	September 2022	Janúar 2024	Hvað var gert? Þurfti að breyta einhverju?
Námsumhverfi	Bjóða upp á öflugt útinám í fjölbreyttu umhverfi	Vinna hafin, ekki lokið. Skoða samhliða yfirlesturs og uppfærslu á deildarnámskrám sumar 2023. Starfsfólk deilda setji sér markmið um útinám út fyrir skólalóðina, skriflega, s.s. í fundargerð deilda.	Deildarstjórar	ágúst 2022	Október 2023	Hver eru markmið deildanna með útikennslu skólaárið 2022-2023? Hvernig gekk að framfylgja markmiðunum?
Uppeldi og menntun	Skoða markmið okkar varðandi dót/leikföng inni á deild.	Að uppfæra stefnu leikskólans varðandi dót/leikföng í leikskólanum.	Leikskólastjóri	ágúst 2022	Maí 2024	Er komin uppfærð stefna?
Viðhald	Hafa net yfir sandkassanum Dropamegin. Oft finnst kattaskitur.	Fá net yfir sandkassann Dropamegin. Á viðhaldsþörf 2023.	Leikskólastjóri	júní 2022	Ágúst 2023	Er komið net?
	Þrifa gervigrasið.	Hentugast er að blása gervigrasið (samkvæmt seljendum). Fá aðila í það eða fá blásara þegar allt er þurrt úti. Keyptum sópvél, erum að prófa sumar 2023, hvernig hún virkar á gervigrasið.	Leikskólastjóri	Maí 2021	Ágúst 2023	Er búið að þrifa gervigrasið? Viðvarandi verkefni.

10. Sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2023-2024

Við sjálfsmat í leikskólanum er notast við matstækið „Barnið í brennidepli” og farið er yfir nokkra árangursvísa á ári.

Áherslur í innra mati verða eftirfarandi:

Lykilþáttur 7: Stjórnun

Árangursvísir 7.1 Sjálfsmat

Árangursvísir 7.2 Markmið og stefnumörkun

Árangursvísir 7.3 Áætlun til aukins árangurs

Árangursvísir 7.4 Stjórnandinn

Árangursvísir 7.5 Virkni starfsfólks

Lykilþáttur 1: Námskrá

Árangursvísir 1.1 Uppbygging námskrár

Árangursvísir 1.2 Gæði áætlana

Árangursvísir 1.3 Gæði skipulags

Lykilþáttur 2: Þroski og framfarir barnanna

Árangursvísir 2.1 Framfarir barnanna í þroska og námi

Stefnt er að því að allt starfsfólk taki þátt í mati á leikskólastarfi á starfsmannafundum eða deildarfundum eftir því sem við á.

Næsta vetur ætlum við einnig að fara yfir matslista á vinnubrögðum til að ýta undir tilfinninga- og félagsþroska ungra barna við skipulag skólstarfsins. Matslistanum er ætlað að koma af stað umræðu meðal starfsfólks deilda eða leikskólans í heild um vinnubrögð sem ýta undir tilfinninga- og félagsfærni barna í þeim tilgangi að kortleggja hvaða vinnubrögð þarf að bæta.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynningarfundir á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti og markmið Grænfánaverkefnisins.
- Mat barna á skólstarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannapúlsinn fyrir leikskóla – Fræðslunefnd.

- Foreldrakönnun skólapúlsins – Fræðslunefnd.
- Umsókn um Grænfána.

Sjálfsmatsáætlun á Barni í brennidepli 2023-2026

2023-2024	2024-2025	2025-2026
Lykilþáttur 7: Stjórnun	Lykilþáttur 3: Nám í gegnum leikinn	Lykilþáttur 5: Vinnusiðfræði leikskólans
Lykilþáttur 1: Námskrá	Lykilþáttur 4: Stuðningur við börn og fjölskyldur	Lykilþáttur 6: Námsumhverfi leikskólans
Lykilþáttur 2: Þroski og framfarir barnanna		

11. Símenntunaráætlun 2023-2024

Símenntunaráætlun er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og er hún gerð með hliðsjón af umbótaáætlun, áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og starfsþróunarsamtölum.

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar leikskólans. Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Við mótun símenntunaráætlunar er unnið samkvæmt verkferli sem greint er frá í skólanámskrá.

Yfirlit yfir símenntun 2023-2024

Allir skipulagsdagarnir eru hafðir heilir, meiri ánægja með það. Dagarnir nýtast í faglega umræðu, námskeið, fyrirlestra, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi og deildarfundir. Að auki er einn sameiginlegur fagfundur með Leik- og grunnskóla.

Yfirlit yfir skipulagsdaga og fagfund:

Sameiginlegur skipulagsdagur **14. ágúst** (mánudagur): Líkamsbeiting + önnur fræðsla.

Skipulagsdagur **18. september** (mánudagur): Undirbúningur vetrarstarfs.

Skipulagsdagur **18. október** (miðvikudagur): námskeið, starfsmannafundur, deildarvinna.

Skipulagsdagur **2. janúar** (þriðjudagur): Starfsmannafundur, deildarvinna o.fl.

Skipulagsdagur **19. febrúar** (mánudagur): Starfsmannafundir, deildarvinna o.fl.

Skipulagsdagur **2. apríl** (þriðjudagur): Innra mat, starfsmannafundir, deildarvinna o.fl.

Fagfundur **4. apríl** (fimmtudagur) 16:30-18:30.

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur og þing):

Starfsfólki verður gefinn kostur á að sækja styttri námskeið, ráðstefnur og málþing sem boðið verður uppá næsta skólaár, utan leikskólans.

Yfirlit yfir símenntunarpörf innan leikskólans

2023-2024	2024-2025	2025-2026
Námskeið í líkamsbeitingu (annað hvert ár)	Námskeið í skyndihjálp (annað hvert ár).	Námskeið í líkamsbeitingu (annað hvert ár)
Fræðsla um barnaverndarmál (annað hvert ár).		Fræðsla um barnaverndarmál (annað hvert ár).